

ÁRSSKÝRSLA 2007



RÍKISENDURSKOÐUN

RÍKISENDURSKOÐUN

Ársskýrsla 2007



Mars 2008

Ársskýrsla 2007
© Ríkisendurskoðun 2008
Umsjón: Þórir Óskarsson
Ljósmyndir: Kristín Bogadóttir, nema bls. 19
(Jón L. Björnsson) og 24 (Guðbrandur R. Leósson)
Prentun: Prentsmiðjan Viðey ehf.

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA	5
STAÐA OG HLUTVERK	7
STARFSEMIN ÁRIÐ 2007	9
VINNUSTUNDIR VIÐ ENDURSKOÐUN.....	9
FJÁRHAGSENDURSKOÐUN.....	10
STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN.....	11
INNRA EFTIRLIT.....	12
ENDURSKOÐUN UPPLÝSINGAKERFA.....	13
LÖGFRÆÐILEGAR GREINARGERÐIR OG EFTIRLIT MEÐ STAÐFESTUM SJÓÐUM OG FJÁRREIÐUM STJÓRNMÁLASAMTAKA.....	14
FJÁRHAGUR OG ÚTGJÖLD RÍKISENDURSKOÐUNAR.....	15
STARFSFÓLK.....	15
ALPJÓÐLEG SAMSKIPTI.....	16
MEXÍKÓ YFIRLÝSINGIN UM SJÁLFSTÆÐI	18
STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN Í 20 ÁR	20
EFTIRLIT TIL AÐ TRYGGJA ÁBYRGÐ.....	20
77 SKÝRSLUR	21
FRAMTÍÐARÞRÓUN: AUKIN SÉRHÆFING?.....	22
ALPJÓÐLEGT HJÁLPARSTARF OG OPINBER ENDURSKOÐUN	23
UM SKATTAÚTGJÖLD	25
SKILGREINING.....	25
NIÐURSTAÐA VINNUHÓPSINS	26
TILLÖGUR.....	26
KENNITÖLUR UM UMSVIF OG ÁRANGUR	27
ÞJÓNUSTA STOFNUNARINNAR	27
INNRI VERKFERLAR.....	32
STARFSMENN OG ÞRÓUN.....	34
FJÁRMÁL.....	36
STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2007	37
OPINBERAR SKÝRSLUR ÁRIÐ 2007	38
SKÝRSLUR.....	38
ÖNNUR RIT.....	38
ÁRSREIKNINGUR 2007	39



Starfsfólk Ríkisendurskoðunar.

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA

SIGURÐUR ÞÓRÐARSON

MEGINVIÐFANGSEFNI RÍKISENDURSKOÐUNAR er að efla og bæta opinbera stjórnsýslu og umhirðu um ríkisfé, gæta hagsmuna skattgreiðenda og stuðla að því að fjármunum ríkisins sé varið til hagsbóta fyrir almenning. Stofnunin sinnir þessu verkefni með því að votta upplýsingar um fjárhag og önnur málefni í ársreikningum ríkisaðila, með úttektum á málaflokkum og stofnunum og með því að veita álit um einstök viðfangsefni.



Árið 2007 voru liðnir tveir áratugir frá því að lög um Ríkisendurskoðun, nr. 12/1986, tóku gildi. Þau kveða m.a. á um að stofnunin tilheyri Alþingi en hafi þó óskorað sjálfstæði og fullan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum auk þess sem þau fela henni ýmis ný verkefni. Á þessum tímamótum er við hæfi að staldra við og huga að því hvaða árangur hafi náðst.

Sjálfstæði og óhæði eftirlitsstofnunar eins og Ríkisendurskoðunar eru jafnt í ásýnd og í reynd best tryggð með fjárhagslegu sjálfstæði hennar gagnvart þeim sem hún endurskoðar, þ.e. framkvæmdarvaldinu. Stofnunin hefur ótvírætt búið við slíkt sjálfstæði á umræddu tímabili með því að Alþingi hefur tryggt henni fjármuni til að vinna nauðsynleg verkefni hverju sinni.

Trúverðugleiki er Ríkisendurskoðun ekki síður mikilvægur. Hann ræðst einkum af gæðum þeirra verka sem stofnunin sinnir og faglegum vinnubrögðum. Til að meta þessa þætti hefur stofnunin gert reglubundnar árangursmælingar undanfarin ár og birt niðurstöðurnar í ársskýrslu sinni. Auk þess hefur hún leitað álits þeirra sem nefna má viðskiptavinum hennar á gæðum og nytsemi úttekta og fylgst með áhuga almennings á skýrslum með því að kanna hversu oft þær eru sóttar á heimasíðu stofnunarinnar. Þar má greina sívaxandi áhuga. Þá hefur hún kannað hvernig ábendingum og athugasemdum hennar við innra eftirlit og stjórnsýsluendurskoðun reiðir af. Í ljós kemur að um 70% þeirra eru teknar til greina.

Lög um Ríkisendurskoðun kveða á um að hún skuli endurskoða ríkisreikning og reikninga ríkisaðila. Undanfarin ár hefur stofnunin að jafnaði áritað um 330 ársreikninga og sent frá sér um 250 endurskoðunarbréf eða skýrslur. Nú hefur það markmið náðst að árita ársreikninga allra ríkisaðila og mikilvægustu viðfangsefna en fyrir tveimur áratugum voru einungis örfáir ársreikningar áritaðir. Gera má ráð fyrir að stofnunin sendi nú árlega frá sér um 10 þúsund blaðsíður af upplýsingum í formi ársreikninga og endurskoðunarskýrslna. Þetta efni er jafnan sent þeim aðilum sem eru endurskoðaðir, ráðuneytum sem í hlut eiga, fjármálaráðuneyti og fjársýslu ríkisins.

Annað meginviðfangsefni Ríkisendurskoðunar er stjórnsýsluendurskoðun, þ.e. að kanna hvort stjórnvöld sinni skyldum sínum og verji almenningsfé á skynsamlegan hátt. Í lögnum

frá 1986 var fyrst kveðið á um slík verkefni en áður hafði stofnunin sinnt þeim í takmörkuðum mæli. Frá árinu 1987 hafa alls 77 stjórnsluúttektir verið gerðar. Á þessu árabili hafa orðið ýmsar breytingar á skipulagi, vinnubrögðum og viðfangsefnum slíkra úttekta. Þar hefur m.a. verið leitað fanga til systurstofnana erlendis, auk þess sem í auknum mæli hefur verið leitað eftir kennitölum erlendis til að koma á samanburði við innlenda aðila.

Breytt verklag og nýting tölvutækni við úrlausn viðfangsefna ríkiskerfisins hefur kallað á breyttar áherslur við endurskoðun. Þar er einkum um að ræða endurskoðun upplýsingakerfa og innri eftirlitskerfa hjá ríkisaðilum. Ríkisendurskoðun sinni slíkum viðfangsefnum ekki í upphafi þess tímabils sem hér er til umfjöllunar en nú er ráðstafað um 6 ársverkum til þeirra.

Lögin frá 1986 kveða á um að stofnunin skuli annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Frá því að lögin tóku gildi hafa verið samdar 2–3 skýrslur árlega um framkvæmd fjárlaga. Þá hefur stofnunin leitast við að svara beiðnum þingnefnda um skýrslur um tiltekin mál. Einnig hefur hún sent Alþingi allar stjórnsluúttektir til þóknanlegrar meðferðar. Víða erlendis er föst skipan á því hvernig skýrslur ríkisendurskoðana eru afgreiddar. Fyrir tveimur árum ákvað forseti Alþingis að starfsskýrsla stofnunarinnar fengi umfjöllum í fjárlaganefnd þingsins. Í febrúar 2008 samþykkti forsætisnefnd Alþingis svo reglur um þinglega meðferð skýrslna hennar. Stofnunin fagnar þessu og telur að slík aðkoma löggjafans að störfum Ríkisendurskoðunar verði til þess að tryggja enn frekar árangur af störfum hennar.

Alþjóðlegt samstarf er Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar afar mikilvægt, m.a. til að kynnast vinnubrögðum annarra sem sinna endurskoðun opinberra aðila. Erlend samskipti voru í upphafi einkum tengd norrænu þjóðunum og þátttöku í Alþjóðasamtökum ríkisendurskoðenda. Á síðari árum hafa tengsl við bresku ríkisendurskoðunina aukist mjög. Þá sit ég í stjórn Evrópusamtaka ríkisendurskoðana en frá upphafi hefur einn fulltrúi norrænu landanna setið þar í stjórn.

Starfsemi og afrakstur voru Ríkisendurskoðun hagfelld á árinu 2007. Þó að virkum vinnustundum við endurskoðun hafi fækkað um tvö ársverk gengu áætlanir nær eftir. Þá náðist það markmið að ljúka fjárhagsendurskoðun á þriðja ársfjórðungi og hefur skilvirkni þessara starfa aukist um 8% síðustu tvö ár þrátt fyrir mikla starfsmannaveltu. Sama má segja um aðra þætti í störfum stofnunarinnar að minni rauntíma hafi að stórum hluta verið mætt með aukinni skilvirkni.

Heildargjöld Ríkisendurskoðunar árið 2007 voru 442 m.kr. miðað við 402 m.kr. árið 2006. Sértekjur voru 32 m.kr. og jukust um 3 m.kr. milli ára. Gjöld umfram sértekjur námu því 410 m.kr., þ.e. jukust um 37 m.kr. (9,9%) frá 2006. Ríkisframlag nam 417 m.kr. og var tekjuafgangur því 7 m.kr. Í árslok 2007 sýndi höfuðstóll 45,8 m.kr. afgang, þ.e. 11% af fjárheimild ársins.

Ástæða þessarar uppsöfnunar er sú að ekki hefur verið ráðið í öll störf sem losnað hafa eða gert var ráð fyrir vegna fyrirhugaðra viðbótarverkefna. Minna vinnuframlagi hefur verið mætt með aukinni skilvirkni starfsmanna. Miðað við fjárlagagrunn 2008 munu uppsafnaðar fjárheimildir ekki vera nýttar og mun ég óska eftir því við Alþingi að ónýttar fjárheimildir fyrri ára lækki um 30 m.kr. Að teknu tilliti til þess verða þær innan þeirra 4% marka sem reglugerð um framkvæmd fjárlaga kveður á um.

STAÐA OG HLUTVERK

RÍKISENDURSKOÐUN ER SJÁLFSTÆÐ OG ÓHÁÐ STOFNUN sem starfar í umboði Alþingis. Henni er ætlað að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins, rekin eru á ábyrgð þess eða sinna lögbundinni þjónustu eða öðrum verkefnum gegn greiðslu eða styrkjum úr ríkissjóði. Auk þess skal hún hafa eftirlit með rekstri þessara aðila og stuðla að því að skattfé almennings sé varið á hagkvæman, skilvirkan og árangursríkan hátt og í samræmi við lög og aðrar ákvarðanir löggjafans. Þá fylgist stofnunin með framkvæmd fjárlaga og veitir bæði þingnefndum Alþingis og ríkisaðilum aðstoð við störf sem varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun starfar samkvæmt lögum um hana en styðst að auki við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) sem tryggja eiga traust og fagleg vinnubrögð við endurskoðun hins opinbera. Þá hefur hún sett starfsfólki sínu siðareglur sem taka bæði mið af siðareglum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Meðal lykilhugtaka siðareglanna eru: Trúverðugleiki, óhæði, trúnaður og fagmennska.

Trúverðugleiki Ríkisendurskoðunar ræðst í senn af sjálfstæði hennar og óhæði gagnvart framkvæmdarvaldinu og þeim sem hún endurskoðar, heilindum hennar og trúnaði við þessa sömu aðila og hæfni starfsfólks hennar, fagmennsku þess, hlutlægni og sanngirni. Sjálfstæði stofnunarinnar og óhæði felst á hinn bóginn í því að hún velur sjálf og skipuleggur verkefni sín. Þetta gerir hún m.a. út frá fjárhagslegu umfangi þeirra og mikilvægi, fjárhagslegri eða rekstrarlegri áhættu og möguleikum á umbótum.

Nokkur hluti af reglulegum endurskoðunar- og eftirlitsstörfum Ríkisendurskoðunar er raunar bundinn lögum, t.d. endurskoðun ríkisreiknings og framkvæmd fjárlaga. Þá getur forsætisnefnd Alþingis einnig að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist stofnunarinnar skýrslu um einstök mál sem falla undir starfsemi hennar. Stofnunin ákveður þó jafnan hvernig að slíkum skýrslum er staðið, inntak þeirra, efnistöð og umfang, hvenær þeim er lokið og hvernig niðurstöðurnar eru birtar.

Lögum samkvæmt hefur Ríkisendurskoðun mjög víðtækar heimildir til endurskoðunar. Hún getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þá er henni heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum og skýrslum sem gerðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu til að sannreyna efni reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. Loks getur hún kallað eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og metið hvort slíkar greiðslur hafi skilað tilætluðum árangri.

Ríkisendurskoðun gerir grein fyrir flestum verkefnum sínum í skýrslum eða álitserðum. Þær eru jafnan sendar þeim sem eru til endurskoðunar og ráðuneytunum sem hafa með mál þeirra að gera. Sumar eru þó gerðar opinberar og sendar Alþingi. Þetta á einkum við um skýrslur stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings og framkvæmd fjárlaga, ársskýrslu hennar, stjórnásluúttektir og greinargerðir sem forsætisnefnd Alþingis óskar sérstaklega eftir. Slíkar skýrslur eru einnig sendar fjölmiðlum og birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Hingað til hafa ekki gilt fastar reglur eða venjur um það hvernig Alþingi bregst við skýrslum Ríkisendurskoðunar um einstök málefni, álitni hennar og ábendingum. Til að formfesta slík samskipti stofnunarinnar við þingið og þingmenn almennt og tryggja að skýrslur hennar komi til umræðna í fastanefndum þingsins og eftir atvikum í umræðum á Alþingi setti þingið í byrjun árs 2008 „Reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar“. Þar er kveðið á um að forseti Alþingis geti með hliðsjón af efni skýrslna sent þær einhverri fastanefnd þess til umfjöllunar. Þeirri nefnd er ætlað að ákveða frekari málsmeðferð, t.d. að boða aðila til fundar við sig um efni skýrslna eða óska eftir skriflegum umsögnum um þær. Nefndin getur einnig skilað álitni um skýrslur, telji hún ástæðu til, og gert tillögu til þingsályktunar um efni þeirra. Að mati Ríkisendurskoðunar er þessi nýbreytni mikið framfaraskref.

Starfsemi Ríkisendurskoðunar hefur tekið ýmsum verulegum breytingum undanfarna áratugi, m.a. vegna nýskipunar í ríkisrekstri, breytts umhverfis, stjórnskipulags og vinnubragða opinberra stofnana og fyrirtækja. Breytingarnar felast ekki síst í síauknu eftirliti stofnunarinnar með frammistöðu þeirra sem sinna lögbundinni þjónustu, hvort heldur það eru opinberar stofnanir eða einkaaðilar. Þetta hefur þó ekki orðið á kostnað þeirra verkefna hennar að votta upplýsingar um fjármál ríkisins og leiða í ljós frávik frá réttmætri meðferð þeirra.



Frá umræðum á Alþingi.

STARFSEMIN ÁRIÐ 2007

Vinnustundir við endurskoðun


VIRKAR VINNUSTUNDIR RÍKISENDURSKOÐUNAR við endurskoðunarstörf árið 2007 urðu 68.100, þ.e. 4.500 (6,2%) færri en árið 2006. Auk þess keypti stofnunin þjónustu sjálfstætt starfandi endurskoðenda sem svarar til 3.485 vinnustunda. Það eru nánast jafnmargar stundir og árið 2006. Samtals skiluðu starfsmenn Ríkisendurskoðunar og aðrir sem unnu í umboði hennar því 71.585 vinnustundum við endurskoðun árið 2007 miðað við 76.250 stundir árið 2006. Þessi fækkun svarar til tveggja ársverka.

Þrátt fyrir heldur færri vinnustundir en gert var ráð fyrir tókst Ríkisendurskoðun í meginatriðum að fylgja áætlun um verkefnafjölda og verkefnaskil. Alls áritaði hún 328 ársreikninga stofnana og fyrirtækja ríkisins, samdi 230 endurskoðunarskýrslur og sendi frá sér 24 skýrslur og greinargerðir, þar af 14 opinberar. Þegar á heildina er litið eru þessi afköst svipuð og undanfarin tvö ár.

Eins og endranær varði stofnunin mestum tíma til fjárhagsendurskoðunar, þ.e. um 57% allra virkra vinnustunda við endurskoðun. Um 16% vinnustunda fór til stjórnsýsluendurskoðunar, 10% til athugana á innra eftirliti, 7% til endurskoðunar upplýsingakerfa og 10% til annarra verkefna, m.a. lögfræðilegra umsagna, gæðaeftirlits og aðstoðar við önnur svið stofnunarinnar.

Alls notaði Ríkisendurskoðun um 50.600 tíma í að endurskoða einstök ráðuneyti og stofnanir þeirra árið 2007. Það er 3.900 tímum færri en árið 2006. Að þessu sinni fór mestur tími í að endurskoða fjárlagaliði sem heyrja undir fjármálaráðuneytið (21,1%), menntamálaráðuneytið (15,5%), dómsmálaráðuneytið (14,9%) og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (13,2%).

Hlutfallsleg skipting vinnustunda eftir ráðuneytum



Eins og súluritið sýnir varð nokkur tilfærsla milli ráðuneyta frá undangengnu ári. Í þetta sinn fjölgaði mest þeim tímum sem notaðir voru til að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir ráðuneyti fjármála, menntamála og félagsmála. Þeim tímum sem fóru í að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir ráðuneyti umhverfismála, heilbrigðismála og dómsmála fækkaði aftur á móti. Sem vænta má fer jafnan mestur tími í að endurskoða þau ráðuneyti sem sinna stærstu og fjárfrekustu málaflokkunum. Þess utan ræðst tíminn m.a. af verkefnavali hverju sinni og áhættumati. Stofnanir með eigin fjárvörslu fá t.d. almennt meiri endurskoðun en aðrar vegna þeirra atriða sem lúta að eftirliti og öryggi með fjármunum.



Árið 2007 var gerð úttekt á ráðstöfunum gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna.

Fjárhagsendurskoðun

Ríkisendurskoðun endurskoðar árlega ríkisreikning og reikninga ráðuneyta, stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði. Samkvæmt lögum skal endurskoðunin einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
2. Að kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja og hvort það tryggir viðunandi árangur.
3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lög-mæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
4. Að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Ríkisendurskoðun beitir viðurkenndum verklagsreglum við þessi endurskoðunarstörf sín, m.a. stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Stöðugt er leitast við að endurbæta það verklag sem notað er og raunar mun verða veruleg breyting á árinu 2008 þegar stofnunin tekur í notkun rafrænt verkefna- og skjalastjórnunarkerfi til að skipuleggja vinnu sína, m.a. út frá áhættu, og halda utan um tímaáætlanir og niðurstöður. Með þessu er stuðlað enn frekar að auknum gæðum og samræmi í endurskoðunarstörfum.

Ríkisendurskoðun birti samandregið heildaryfirlit um vinnu sína við fjárhagsendurskoðun árið 2007 í skýrslunni *Endurskoðun ríkisreiknings 2006* (október). Auk þess að votta trúverðugleika þeirra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í ríkisreikningi gerði Ríkisendurskoðun þar grein fyrir endurskoðun ríkissjóðstekna og fjárhagsendurskoðun hjá 402 stofnunum og fyrirtækjum ríkisins.

Við endurskoðun ríkissjóðstekna var lögð áhersla á þrjú meginviðfangsefni: Í fyrsta lagi endurskoðun á uppgjöri virðisaukaskatts, sem er langstærsti tekjustofn ríkisins, í öðru lagi endurskoðun á uppgjöri tryggingagjalds og í þriðja lagi mat á niðurfærslu eftirstöðva í árslok. Að auki voru tekjakerfi afstemmd við bókhaldskerfi og aflað ytri staðfestinga þar sem þess var þörf. Þá var sala á eignum ríkissjóðs tekin til sérstakrar skoðunar.

Skýrslan *Endurskoðun ríkisreiknings 2006* geymir einnig meginniðurstöður úr árvissri könnun stofnunarinnar á völdum þáttum í rekstri ríkisaðila. Að þessu sinni var hugað að tveimur atriðum, annars vegar framkvæmd kjarasamninga og vörpun launa frá maí 2006 og hins vegar ytri staðfestingum á þeim fjárhæðum sem stofnanir og fyrirtæki ríkisins birta í efnahagsreikningi sínum. Markmið þessara kannana var eins og ævinlega að auka aðhald í ríkisrekstri, bæta umhirðu með eignum og fjármunum hins opinbera og efla innra eftirlit stofnana.

Auk *Endurskoðunar ríkisreiknings 2006* sendi Ríkisendurskoðun árið 2007 frá sér nokkrar greinargerðir um fjárhagsmálefni ríkisins, einstakra stofnana, fyrirtækja eða verkefna sem ríkið kostar að hluta til eða í heild. Fjórar þeirra voru gerðar opinberar: *Greinargerð um fjármál Byrgisins ses.* (janúar), *Skuldbindandi samningar ráðuneyta og styrkveitingar ríkissjóðs á árinu 2006* (mars), *Greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju* (ágúst) og *Framkvæmd fjárlaga árið 2006* (ágúst). Að auki var samin skýrsla um *Skuldbreytingar og nauðasamninga opinberra gjalda* (febrúar).

Stjórnsýsluendurskoðun

Með stjórnsýsluúttektum sínum leitast Ríkisendurskoðun við að kanna og meta frammistöðu stofnana og fyrirtækja ríkisins, þ.e. hvort og að hve miklu leyti þau gæti hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og fylgi gildandi lagafyrirmælum í því sambandi. Stofnunin getur gert slíkar úttektir hjá öllum þeim aðilum sem fjármagna starfsemi sína með ríkisfé, ríkið á að hálfu eða meira eða njóta framlaga úr ríkissjóði vegna þjónustu sem þeir veita. Nokkur hluti úttektanna er jafnan saminn að beiðni forsætisnefndar Alþingis, einstakra ráðuneyta eða ríkisstofnana. Aðrar eru unnar að frumkvæði Ríkisendurskoðunar og viðfangsefnin þá m.a. valin út frá fjárhagslegu umfangi þeirra, áhættumati, svigrúmi til úrbóta og fyrri úttektum stofnunarinnar.

Í starfsáætlun stjórnsýsludeildar fyrir árin 2007–2009 er áformað að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi málaflokka: Vinnumarkaðsmál, fjölskyldu- og velferðarmál, löggæslu og dómskerfi, erlenda efnahagsaðstoð og friðargæslu, utanríkisþjónustu, opinber fjármál og stjórnsýslu, sjávarútvegsmál og rannsóknir og þróun. Einkum verður hugað að því hvernig staðið er að árangursstjórnun, framleiðni vinnuafis og fjármagns, málsmeðferðar- og afgreiðslutíma, stjórnskipulagi málaflokka, verka- og ábyrgðarskiptingu, gæði þjónustu og starfsmannastjórnun.

Árið 2007 var lokið við fimm opinberar skýrslur á sviði stjórnsýsluendurskoðunar: *Vinnueftirlit ríkisins* (mars), *Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu: Viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði* (júni), *Þjónustusamningur um Heilbrigðisstofnun Suðausturlands* (september), *St. Jósefsspítali - Sólvangur* (nóvember) og *Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fiskiefna* (nóvember). Þetta eru jafnmargar skýrslur og gert var ráð fyrir í áætlun ársins.



Ríkisendurskoðun mun leggja aukna áherslu á sjávarútvegsmál á næstu árum.

Ríkisendurskoðun leitast stöðugt við að auka gæði stjórnsýsluúttekta sinna og gera þær eins markvissar og skýrar og unnt er. Með þessu móti væntir stofnunin þess að þær komi að sem mestum notum. Á síðustu árum hefur verið lögð sérstök áhersla á að bæta það verkferli sem stuðst er við í úttektum og tryggja á fagleg vinnubrögð. Sömuleiðis hafa uppbygging skýrslna og framsetning efnis verið tekin til endurskoðunar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að draga allar meginniðurstöður, ábendingar og tillögur skýrt fram og orða þær þannig að meta megi á hlutlægan hátt viðbrögð við þeim, þ.e. áþreifanlegan árangur stofnunarinnar af vinnu sinni.

Ríkisendurskoðun stefnir að því að meta árangur sinn að þessu leyti þremur árum eftir lok hvernar úttektar. Á árinu 2007 og í byrjun ársins 2008 samdi stofnunin eftirfylgniskýrslur vegna fimm úttekta frá árinu 2004: *Háskólamenntun. Námsframboð og nemendafjöldi, Dvalarheimilið Höfði, Akranesi. Rekstur og fjárhagsstaða 2000–2002, Lyfjakostnaður. Notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Náttúrufræðistofnun. Rekstrar- og fjárhagsvandi*. Eftirfylgniskýrslurnar voru eingöngu sendar þeim ráðuneytum og stofnunum sem í hlut eiga. Í ljós kom að ábendingar leiddu til endurbóta í um 60,5% tilvika.

Innra eftirlit

Með innra eftirliti er átt við allar reglubundnar aðgerðir stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja og stofnana sem eiga að stuðla að árangursríkum og hagkvæmum rekstri, vernda eignir, verðmæti og viðkvæm gögn, veita áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir. Innra eftirlit tekur jafnan mið af

greiningu og mati stofnana og fyrirtækja á hugsanlegri rekstraráhættu og birtist m.a. í ýmiss konar verklagsreglum, t.d. um aðgreiningu starfa, samþykkt útgjalda og skráningu viðskipta, en einnig í siðareglum og starfsmannastefnu.

Eins og nefnt hefur verið felst reglubundin fjárhagsendurskoðun Ríkisendurskoðunar m.a. í því að kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja ríkisins og hvort það tryggir viðunandi árangur. Auk þessa vinna nokkrir starfsmenn stofnunarinnar jafnan að viðameiri úttektum á innra eftirliti og við að kynna stjórnendum ríkisstofnana mikilvægi þess og helstu áhættuþætti opinbers reksturs. Þessar og aðrar úttektir Ríkisendurskoðunar hafa iðulega leitt í ljós veikleika í starfsemi stofnana og hafa stjórnendur margra þeirra gripið til nauðsynlegra aðgerða til að bæta úr því. Almennt hafa þeir þó ekki sett sér mælanleg markmið, skilgreint þá áhættuþætti sem stofnanirnar standa frammi fyrir eða gert formlegt áhættumat í því samhengi. Eftirlitsaðgerðir eru því oft ekki nægjanlega markvissar. Þá hafa stofnanir almenn t ekki sett sér heildstæða öryggisstefnu sem nær til allra þátta í rekstrinum.

Á árinu 2007 sendi Ríkisendurskoðun frá sér fjórar skýrslur um innra eftirlit hjá stofnunum og sjóðum ríkisins: *Meðferð inneigna í tekjubókhaldskerfi ríkisins* (apríl), *Menntamálaráðuneytið* (október), *Íbúðalánasjóður* (október) og *Landbúnaðarráðuneytið* (desember). Skýrslur af þessu tagi eru aldrei gerðar opinberar enda varða þær oft viðkvæm innri mál stofnana og fyrirtækja. Þá var lokið við fimm eftirfylgniskýrslur vegna úttekta frá árunum 2003 og 2004 og kannað hvernig eftirfarandi stofnanir hafa brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar: *Hagstofa Íslands*, *ÁTVR*, *Vegagerð ríkisins*, *Iðntæknistofnun Íslands* og *Fjár-sýsla ríkisins*. Í ljós kom að ábendingar hafa leitt til endurbóta í um 70% tilvika.

Á árinu 2007 var hafin sérstök skoðun á innra eftirliti hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna. Þar er skoðað hvernig skrifstofurnar hafa skipulagt innra eftirlit hjá sér og hvernig eftirlit þeirra með undirstofnunum, safnliðum, samningum og styrkjum er háttað. Stefnt er að ljúka þessu verkefni fyrir mitt ár 2008 og verða samandregnar niðurstöður birtar í september.

Endurskoðun upplýsingakerfa

Endurskoðun upplýsingakerfa tengist náið bæði fjárhagsendurskoðun og innra eftirliti Ríkisendurskoðunar. Markmið þessa sviðs endurskoðunar er að kanna hvort tölvu- og upplýsingakerfi stofnana ríkisins séu örugg og skilvirk og benda á hvað færa megi til betri vegar. Oftast nær eru slíkar skýrslur um endurskoðun upplýsingakerfa eingöngu sendar þeim stofnunum sem eru til endurskoðunar og viðkomandi fagraðuneyti þar sem þær greina iðulega frá viðkvæmum innri málum stofnana, m.a. öryggi upplýsinga- og tölvu-kerfa. Óvarlegt er að birta þær opinberlega svo að vitneskja um hugsanlegan veikleika kerfanna komist ekki á annarra vitorð áður en búið er að bæta úr þeim.

Stærsta verkefnið af þessum toga á árinu 2007 var úttekt á fjárhags- og bókhaldskerfi ríkisins (Oracle-kerfinu) og er að vænta opinberrar skýrslu þar að lútandi á fyrri hluta árs 2008. Að auki voru kannaðir ýmsir tölvutengdir þættir í endurskoðunarverkefnum á öðrum sviðum stofnunarinnar. Þeir starfsmenn sem sinna endurskoðun upplýsingakerfa sáu einnig um rekstur tölvukerfa Ríkisendurskoðunar og héldu utan um innleiðingu á verkefna- og skjalastjórnunarkerfi í fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar. Að lokum tóku þeir saman leiðbeiningarritið *Hagkvæmir og skilvirkir fundir*. *Góðar fundarvenjur* sem út kom í byrjun árs 2008.



Ríkisendurskoðun samdi árið 2007 greinargerð um samning íslenska ríkisins og Landsvirkjunar um yfirtöku vatnsréttinda í neðri hluta Þjórsár.

Lögfræðilegar greinargerðir og eftirlit með staðfestum sjóðum og fjárreiðum stjórnmalasamtaka

Ríkisendurskoðun semur árlega ýmiss konar lögfræðilegar greinargerðir um álitamál sem varða stjórnsýslu ríkisins, einkum fjárreiður þess og fjárheimildir. Slíkt er í samræmi við „Líma yfirlýsinguna um leiðbeinandi reglur um endurskoðun“ þar sem sérstaklega er tekið fram að ríkisendurskoðanir geti í mikilvægum málum látið löggjafarþingi og stjórnsýslu í té fagþekkingu sína í formi sérfræðialita, þar með taldar umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir um fjármál. Þrjár opinberar skýrslur af þessum toga voru samdar árið 2007: *Reglur um reikningshald stjórnmalasamtaka* (mars), *Greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju* (ágúst) og *Greinargerð um samning íslenska ríkisins og Landsvirkjunar um yfirtöku vatnsréttinda í neðri hluta Þjórsár* (desember).

Áður nefndar *Reglur um reikningshald stjórnmalasamtaka* voru samdar með hliðsjón af lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Þar var Ríkisendurskoðun falið nýtt og allveigamikið hlutverk, þ.e. að setja leiðbeiningarreglur um fyrirkomulag á sölu þjónustu á vegum stjórnmalasamtaka, gefa út leiðbeiningar um reikningshald þessara aðila, hafa eftirlit með endurskoðun þeirra og birta árlega útdrátt úr ársreikningum þeirra þar sem greindar eru heildartekjur og heildargjöld. Með þessu móti er leitast við að stuðla að auknu gagnsæi um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda. Ríkisendurskoðun stefnir að því að gefa út reglur um upplýsingagjöf stjórnmalasamtaka á þessu ári.

Auk eftirlits með fjárreiðum stjórnmalasamtaka hefur Ríkisendurskoðun um nokkurt skeið haft eftirlit með tæplega 700 sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt staðfestri

skipulagsskrá. Í þessu felst m.a. að halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra slíkra sjóða og stofnana, ásamt athugasemdum við framlagða reikninga.

Fjárhagur og útgjöld Ríkisendurskoðunar

FJÁRHEIMILDIR RÍKISENDURSKOÐUNAR í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 2007 námu alls 416,8 m.kr. og hækkuðu um 23,7 m.kr. (6%) frá árinu á undan. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru hins vegar 410,5 m.kr. og hækkuðu um 37 m.kr. (9,9%) frá árinu 2006. Rekstur stofnunarinnar varð því 6,3 m.kr. (1,5%) innan fjárheimilda ársins.

Eins og samandreginn rekstrarreikningur sýnir jókst launakostnaður um 19,3 m.kr. (6,4%) milli ára og nam um 78% af gjöldum stofnunarinnar þegar sértekjur eru frádregnar. Rekstrar- og stofnkostnaður jókst hins vegar samtals um 21,0 m.kr. (20,7%). Stærsti einstaki liður sem telst til rekstrarkostnaðar eru kaup á sérfræðiþjónustu löggiltra endurskoðenda utan stofnunarinnar fyrir um 32,4 m.kr. án vsk. Stofnkostnaður felst hins vegar að mestu í endurnýjun húsnæðis, húsbúnaðar og tækja. Sértekjur urðu 3,2 m.kr. (11,1%) meiri en árið 2006.

Rekstrarreikningur í m.kr.					
	Ár		Breyting		
Rekstrarliðir	2007	2006	Fjárhæð	%	
Laun	320,1	300,8	19,3	6,4	
Annar rekstrarkostnaður	106,2	93,3	12,9	13,8	
Stofnkostnaður	16,3	8,2	8,1	98,8	
Samtals gjöld	442,6	402,3	40,3	10,0	
Sértekjur	32,0	28,8	3,2	11,1	
Gjöld að fráteknum tekjum	410,5	373,5	37,0	9,9	
Ríkisframlag	416,8	393,1	23,7	6,0	
Tekjuafgangur (halli)	6,3	19,6	-13,3	-68,4	

Samkvæmt verkbókhaldi skiptist kostnaður einstakra starfssviða Ríkisendurskoðunar svo: Rekstur endurskoðunarsviðs kostaði 205 m.kr., þ.e. um 50% af gjöldum stofnunarinnar þegar sértekjur eru undanskildar, rekstur stjórnáskilnaðarsviðs, upplýsingasviðs og innra eftirlits kostaði 148 m.kr. (36%), rekstur laga- og umhverfissviðs 25 m.kr. (6%) og rekstur yfir- stjórnar 33 m.kr. (8%). Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Hlutfallslega varð þó örlítið tilfærsla frá endurskoðunarsviði og lagasviði til annarra sviða. Heildarkostnaður á hvert stöðugildi varð 8,7 m.kr. og hækkaði um 1,1 m.kr. (14,5%) frá fyrra ári.

Starfsfólk

Hinn 31. desember 2007 var fastráðið starfsfólk Ríkisendurskoðunar alls 47, þ.e. jafnmargt og 31. desember 2006. Unnin ársverk að meðtalinni yfirvinnu urðu einnig um 47 og fækkaði um tvö frá árinu 2006. Átta starfsmenn létu af störfum árið 2007 og voru jafnmargir ráðnir í stað þeirra. Starfsmannavelta var því 17% miðað við 14,9% árið 2006.

Af fastráðnu starfsfólki stofnunarinnar voru karlmenn 28 (59,6%) og konur 19 (40,4%). Hlutfall karla hækkaði örlítið miðað við þrjú undanfarin ár. Meðalaldur starfsfólks var 49 ár

og stóð nánast í stað frá 2006. Meðalstarfsaldur lækkaði hins vegar úr 11,5 árum árið 2006 í 10,4 ár. Alls höfðu 66% starfsmanna a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni og 36,2% meira en 10 ára starfsreynslu.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að ráða velmenntað starfsfólk og var hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólaprófi tæp 83% árið 2007. Langflestir þeirra höfðu viðskipta- eða hagfræðimenntun eða 27. Þá störfuðu 5 stjórn mála- eða stjórnsýslufræðingar við stofnunina, 3 lögfræðingar, 2 tölvunar- eða kerfisfræðingar og 1 íslenskufraeðingur. Við stofnunina störfuðu 5 löggiltir endurskoðendur og 2 með faggildingu í innri endurskoðun (CIA). Annar þeirra hefur að auki faggildingu í opinberri endurskoðun (CGAP) og hinn faggildingu í endurskoðun upplýsingakerfa (CISA).

Alþjóðleg samskipti

Alþjóðleg samskipti eru Ríkisendurskoðun afar mikilvæg til að kynnast þeim viðhorfum, aðferðum og vinnubrögðum við endurskoðun opinberra aðila sem talin eru henta best hverju sinni. Á þann hátt meðal annars stuðlar stofnunin að því að starfsemin þróist eðlilega og að starfsmenn hennar standi undir þeim margvíslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra. Þá hafa síaukin alþjóðaviðskipti sem og vaxandi áhrif fjölþjóðlegra stofnana og samninga augljóslega knúið á um aukna samræmingu og samvinnu við endurskoðun þjóða á milli. Um slíkt vitna m.a. alþjóðlegir endurskoðunar- og reikningskilastaðlar og þau áhrif sem þeir hafa haft á löggjöf einstakra þjóða.

Alþjóðleg samþætting birtist sömuleiðis í ýmsum samstarfsverkefnum við að endurskoða fjölþjóðlegar stofnanir og bandalög, t.d. EFTA og Evrópusambandið, og verkefni sem sprengja utan af sér hefðbundin landamæri, t.d. verkefni á sviði umhverfismála eða alþjóðlegra hjálparstarfa. Að lokum hefur aukin þátttaka Íslands í þróunarverkefnum víða um heim lagt þær skyldur á herðar Ríkisendurskoðunar að endurskoða þau fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og aðstoða jafnframt aðrar þjóðir við faglega þróun í endurskoðun. Í þessu samhengi má geta þess að stofnunin hefur á undanförunum árum endurskoðað nokkur þróunarverkefni í Afríku sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkir. Árið 2007 var gerð úttekt á starfsemi þeirrar stofnunar í Úganda.

Auk slíkra starfa tók Ríkisendurskoðun þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi árið 2007. Tveir starfsmenn stofnunarinnar sóttu XIX. þing Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana í Mexíkóborg dagana 5.–10. nóvember þar sem flestar 188 aðildarstofnana samtakanna áttu fulltrúa. Þá sótti ríkisendurskoðandi XXXII. stjórnarfund Evrópusamtaka ríkisendurskoðana í Bern dagana 13. og 14. september. Hér á landi héldu norrænir ríkisendurskoðendur og samstarfsfulltrúar þessara systurstofnana árlegan fund sinn á Egilsstöðum 28. og 29. ágúst. Þá sóttu starfsmenn ráðstefnur og vinnufundi, bæði á norrænum og evrópskum vettvangi, m.a. um innri endurskoðun, árangursstjórnun, fjárhagsendurskoðun, endurskoðun upplýsingakerfa og upplýsingamiðlun. Að lokum fór ríkisendurskoðandi í október í stutta heimsókn til Rússnesku ríkisendurskoðunarinnar og undirritaði ásamt ríkisendurskoðanda Rússlands viljayfirlýsingu um nánari tengsl stofnananna. Þetta er í fyrsta sinn sem Ríkisendurskoðun formbindur samstarf við erlenda systurstofnun með þessum hætti.

Af erlendum heimsóknum hingað til lands má nefna komu kínverska ríkisendurskoðandans, Hr. Li Jinhua, í maí. Heimsóknin var liður í þeirri viðleitni að treysta tengsl stofnananna og miðla þeim aðferðum og vinnubrögðum við endurskoðun opinberra aðila sem talin eru

henta best hverju sinni. Á þessum fundi var sérstaklega rætt um það þróunarstarf sem stofnanirnar vinna að, m.a. við endurskoðun upplýsingakerfa, og möguleika á auknum samskiptum stofnananna á komandi árum. Þá skal þess getið að endurskoðunarnefnd grænlenzka landsþingsins heimsótti Ríkisendurskoðun í ágúst og fundaði með ríkisendurskoðanda.



Frá fundi ríkisendurskoðenda Kína og Íslands.

MEXÍKÓ YFIRLÝSINGIN UM SJÁLFSTÆÐI

Á XIX. ÞINGI ALÞJÓÐASAMTAKA RÍKISENDURSKOÐANA í Mexíkóborg haustið 2007 var samþykkt sérstök yfirlýsing um sjálfstæði ríkisendurskoðana (ISSAI 10 – *Mexico Declaration on Independence*). Yfirlýsing þessi er í raun árétting og nánari útfærsla á 5.–7. grein „Líma yfirlýsingarinnar um leiðbeinandi reglur við endurskoðun“ (1977). Þar segir m.a. að ríkisendurskoðanir geti því aðeins sinnt á hlutlægan hátt og með tilætluðum árangri því verkefni sínu að endurskoða og hafa eftirlit með notkun opinbers fjár að þær séu sjálfstæðar gagnvart þeim aðilum sem þær endurskoða, þ.e. framkvæmdarvaldinu, stofnunum þess og öðrum sem hafa með höndum opinber verkefni. Jafnframt þurfi þær að njóta verndar löggjafans gagnvart hvers kyns utanaðkomandi afskiptum og áhrifum. Slíkt sjálfstæði ríkisendurskoðana geti að vísu aldrei orðið fullkomið, þar sem þær eru hluti af ríkinu sem heild, en mikilvægt sé að þær njóti nægjanlegs sjálfstæðis þegar kemur að innra skipulagi og starfsemi.

Í „Mexíkó yfirlýsingunni um sjálfstæði“ er lögð sérstök áhersla á átta grundvallarlögmál sem Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana telja að móta þurfi starfsemi ríkisendurskoðana:

1. Að ríkisendurskoðunum sé sett virk og viðeigandi löggjöf þar sem ítarlega er kveðið á um sjálfstæði stofnananna. Sömuleiðis séu gerðar ráðstafanir til að fylgja löggjöf-
inni eftir í verki.
2. Að æðstu stjórn ríkisendurskoðana sé tryggt sjálfstæði í lögum, þar á meðal starfs-
öryggi þann tilskilda embættistíma sem löggjafarvaldið ákveður og friðhelgi til að
gegna lögbundnum störfum sínum.
3. Að stofnanirnar hafi hæfilega víðfeðmt umboð og fullkomið athafnafrelsi til að skipu-
leggja starfsemi sína og sinna eðlilegum verkefnum sínum á sjálfstæðan hátt. Þær
hafi m.a. frelsi til að velja sjálfar einstök endurskoðunarviðfangsefni, skipuleggja þau,
framkvæma, greina frá þeim og fylgja þeim eftir.
4. Að stofnanirnar hafi ótakmarkaðan aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum og upp-
lýsingum sem varða lögboðin verkefni þeirra.
5. Að stofnununum sé bæði rétt og skylt að skýra frá niðurstöðum endurskoðunarvinnu
sinnar.
6. Að stofnununum sé frjálst að ákveða inntak endurskoðunarskýrslna sinna, hvenær
þær séu unnar og hvernig að birtingu og dreifingu þeirra sé staðið.
7. Að fyrir hendi sé virkt kerfi sem fer yfir ábendingar ríkisendurskoðananna og fylgist
með því hvernig þeim reiðir af.
8. Að stofnanirnar hafi fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði og búi yfir viðeigandi
mannauð, efnislegum aðföngum og fjármagni.

Við samningu þessarar yfirlýsingar var gerð könnun meðal valinna ríkisendurskoðana um heim allan á því hvort þær teldu sig í raun búa við það sjálfstæði sem yfirlýsingin felur í sér. Milli 75 og 100% stofnananna töldu svo vera með fyrstu sjö atriðin þótt margar álitu reyndar að styrkja mætti stöðu þeirra enn frekar að einhverju leyti. Einungis 38% þeirra töldu sig hins vegar hafa að öllu leyti fjárhagslegt sjálfstæði, þ.e. fá árlega fjárveitingu sem löggjafarvaldið ákvæði, hafa fullkomið vald til að ráðstafa henni og heimild til að skjóta máli sínu til löggjafans ef fjárframlög reynast það lág að stofnununum veitist óhægt að sinna skyldum sínum.

Telja má að staða Ríkisendurskoðunar sé allgóð þegar horft er til þeirra þátta sem „Mexíkó yfirlýsingin um sjálfstæði“ tekur til, enda hefur „Líma yfirlýsingin“ verið höfð mjög til hliðsjónar við lagasetningu um stofnunina. Raunar má segja að staða hennar í þessu tilliti hafi heldur styrkst með árunum. Í því samhengi má t.d. minna á áðurnefndar „Reglur um þinglega meðferð skýrsla Ríkisendurskoðunar“ sem Alþingi setti í ársbyrjun 2008. Með þeim má þess vænta að komið sé á enn virkara kerfi en áður um að löggjafinn fari yfir þær ábendingar sem stofnunin setur fram í skýrslum sínum, meti þær og kveði eftir atvikum á um frekari málsmeðferð, t.d. í formi þingsályktunar um efni þeirra. Sjálf hefur stofnunin á síðari árum einnig styrkt eigin eftirfylgni með ábendingum sínum í sérstökum úttektum.

Þótt Ríkisendurskoðun njóti tvímælalaust mikils sjálfstæðis í störfum sínum er „Mexíkó yfirlýsingin“ bæði henni og Alþingi Íslendinga nauðsynlegt aðhald og viðmið og sem slík mikilvæg viðbót í safn alþjóðlega viðurkenndra staðla um endurskoðun hjá hinu opinbera.



Fulltrúar Ríkisendurskoðunar á XIX. þingi Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana í Mexíkó.

STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN Í 20 ÁR

ÓLI JÓN JÓNSSON
skrifstofustjóri stjórnsýslusviðs

Á síðasta ári voru tveir áratugir liðnir frá því að lög nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun tóku gildi. Lögin byggðu á frumvarpi nefndar sem þáverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, skipaði árið 1983 og var falið að gera tillögur um hvernig mætti gera stjórnkerfið virkara og bæta stjórnarhætti. Átti nefndin m.a. að huga að leiðum til að bæta eftirlit löggjafans með framkvæmdarvaldinu. Í samræmi við þetta lagði nefndin til að Ríkisendurskoðun yrði færð undir Alþingi en hún hafði áður lotið fjármálaráðherra.

Annað nýmæli í frumvarpinu og síðar lögunum var að Ríkisendurskoðun fékk heimild til að gera svokallaða stjórnsýsluendurskoðun. 9. gr. laganna hljóðaði svo: „Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum en í slíkri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskaiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur“. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að tilgangur ákvæðisins væri að „efla framkvæði löggjafans til afskipta af framkvæmd fjárlaga og rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins“.

Eftirlit til að tryggja ábyrgð


Stjórnsýsluendurskoðun er eitt meginverkefni ríkisendurskoðana hvarvetna í heiminum. Þegar lög nr. 12/1986 tóku gildi höfðu systurstofnanir Ríkisendurskoðunar í nágrannalöndunum lengi haft lagaheimildir fyrir slíkri endurskoðun. Litið er á stjórnsýsluendurskoðun sem mikilvægan þátt í eftirliti þjóðþinga með framkvæmdarvaldinu. Að baki býr sú hugmynd að stjórnvöld beri ábyrgð gagnvart löggjafanum, sem fer með fjárstjórnarvald ríkisins, á skynsamlegri meðferð almannaþjálfa. Til að slík ábyrgð sé virk þarf löggjafinn á hverjum tíma að hafa glöggar upplýsingar um starfsemi framkvæmdarvaldsins og stjórnsýsluendurskoðun er ein leið til að afla þeirra.

Samkvæmt stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana snýst stjórnsýsluendurskoðun (*performance audit*) um þrjú hugtök sem á íslensku eru venjulega nefnd hagkvæmni, skilvirkni og markvirkni. Hún er í raun mat á frammistöðu þeirra sem sinna verkefnum ríkisins, hversu vel þeim gengur að halda kostnaði í skefjum (hagkvæmni), hversu vel þeir nýta almannaþé (skilvirkni) og hvort þau markmið hafi náðst sem að er stefnt (markvirkni).

Verkefni ríkisvaldsins eru mjög mismunandi og því gefur augaleið að frammistöðumat af þessu tagi byggist á margvíslegum aðferðum og mælikvörðum sem jafnan þarf að sniða að viðfangsefninu. Oft er þá sótt í smiðju félagsvísinda og stjórnunarfræða. Eðlilegt er að gera sömu kröfur til aðferða stjórnsýsluendurskoðunar og þeirra sem notaðar eru í fræðilegum rannsóknum. Í báðum tilvikum er ýmist beitt eigindlegum eða meginindlegum aðferðum og ályktanir dregnar samkvæmt tilteknum reglum.

77 skýrslur

Frá árinu 1987 hefur Ríkisendurskoðun gert samtals 77 stjórnsýsluúttektir. Langflestar lúta að verkefnum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins (nú heilbrigðisráðuneytis) enda taka þau til sín hærra hlutfall af útgjöldum ríkisins en verkefni annarra ráðuneyta. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar á tímabilinu 1987–2007 skiptust milli ráðuneyta.



Á fyrstu árunum snerust stjórnsýsluúttektir oft um skipulag og stjórnun almennt í stofnunum og hvernig minnka mætti kostnað, bæta skilvirkni og árangur. Síðar hefur færst í vöxt að reynt sé að mæla skilvirkni og markvirkni á kerfisbundinn hátt, m.a. með samanburði við svipaða starfsemi í nágrannalöndunum. Þessi þróun hefur að vissu leyti haldist í hendur við æ fjölbreyttari menntun starfsmanna í stjórnsýsluendurskoðun. Í upphafi sinntu einkum endurskoðendur og viðskiptafræðingar þessu starfi en síðar bættust við starfsmenn með menntun í félagsvísindum. Samhliða hefur starfsmönnum fjölgað og nú sinna samtals 10 manns þessu verkefni, sumir með öðrum störfum, í tveimur deildum stofnunarinnar.

Framan af voru úttektir yfirleitt afmarkaðar við eina stofnun eða fjárlagalið. Síðustu tíu árin hafa þær í meira mæli beinst að tilteknum málaflokkum eða verkefnum sem ríkisvaldinu er ætlað að sinna. Má gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og að afmörkun úttekta færst frá því að vera einstakar skipulagsheildir eða fjárlagaliðir til þess að vera verkefni ríkisvaldsins, bæði í þröngum og víðum skilningi.

Ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi og vinnubrögðum í stjórnsýsluendurskoðun frá 1987 og hafa fyrirmyndir oft verið sóttar til systurstofnana erlendis. Nefna má að í byrjun síðasta árs tók gildi stefna um verkefnaval og áherslur til þriggja ára, þ.e. fyrir tímabilið 2007–2009. Einnig má nefna að á síðasta ári hófst kerfisbundin eftirfylgni stjórnsýsluúttekta

sem felst í því að kannað er hvort eða að hvaða marki ábendingar í skýrslum hafa verið framkvæmdar. Þá hefur verið unnið að þróun verkferla, gæðaeftirlits og framsetningar upplýsinga í skýrslum, svo dæmi séu tekin.

Framtíðarþróun: Aukin sérhæfing?

Ríkisreksturinn spannar vítt svið og nær til mjög fjölbreyttrar og ólíkrar starfsemi. Hingað til hafa starfsmenn í stjórnsýsluendurskoðun ekki sérhæft sig að neinu marki heldur hafa jöfnum höndum sinnt úttektum á ólíkum málaflokkum. Þetta stafar einkum af smæð stofnunarinnar. Hjá fjölmennari systurstofnunum Ríkisendurskoðunar erlendis sérhæfa starfsmenn sig yfirleitt í tilteknum málaflokkum.

Umbjóðendur Ríkisendurskoðunar, Alþingi og skattgreiðendur, gera mjög ríkar kröfur til stofnunarinnar um fagleg gæði í störfum. Stofnunin og starfsmenn hennar hafa ávallt gert sitt ítrasta til að standa undir þessum kröfum og gengið til verks með faglegan metnað að leiðarljósi. Búast má við því að kröfur til þeirra muni vaxa á næstu árum. Má í þessu sambandi nefna nýjar reglur um þinglega meðferð skýrslna stofnunarinnar og aukinn áhuga almennings á þeim sem m.a. kemur fram í síauknum fjölda heimsóknna á vefsíðu stofnunarinnar. Ekki er ólíklegt að aukin sérhæfing starfsmanna í stjórnsýsluendurskoðun geti orðið liður í að styrkja starfsemi hennar til framtíðar.



Fjölmargar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar hafa lotið að verkefnum heilbrigðisráðuneytisins.

ALÞJÓÐLEGT HJÁLPARSTARF OG OPINBER ENDURSKOÐUN

Á HVERJU ÁRI dynja margvíslegar náttúruhamfarir yfir þjóðir heims, t.d. eldgos, jarðskjálftar, flóðbylgjur, skriðuhlaup, skógarbrunnar, þurrkar og fellibyljir. Slíkar hamfarir geta haft gríðarleg áhrif á samfélög þeirra þjóða sem í hlut eiga. Þetta þekkja Íslendingar vel af eigin raun og er nærtækt að minna á eldgosið í Heimaey árið 1973 þegar stór hluti Vestmannaeyjabæjar grófst undir hraun og ösku og rúmlega 5.000 manns urðu að yfirgefa heimili sín í skyndingu.

Auk hugsanlegs mannskaða valda slíkar hamfarir jafnan umtalsverðri eyðileggingu, m.a. á mannvirkjum og eignum, samgöngu- og orkukerfi, gróður- og ræktunarlandi. Í þessu samhengi má t.d. nefna að í flóðbylgjunni miklu (*Tsunami*) sem skall á Suðaustur-Asíu 26. desember 2004 fórust um 230 þúsund manns, þar af um 166 þúsund í Indónesíu einni saman. Þar í landi hefur eignatjón einnig verið metið á um 300 milljarða íslenskra króna. Það jafngildir samanlögðum útgjöldum íslenska ríkisins árið 2004.

Óhætt er að segja að alþjóðasamfélagið, jafnt almenningur, félagasamtök ýmiss konar sem opinber stjórnvöld, hafi iðulega brugðist skjótt og myndarlega við náttúruhamförum á borð við þær sem nefndar hafa verið og bæði tekið virkan þátt í björgunar-, hjálpar- og uppbyggingarstarfi á hamfarasvæðunum og lagt umtalsvert fé til slíks starfs. Íslendingar eru engin undantekning í því tilliti. Hérland stjórnvöld veita árlega verulegum fjármunum til alþjóðlegra þróunar- og hjálparstarfa, þar á meðal neyðaraðstoðar, og er t.d. ráðgert að leggja 2,5 milljarða íslenskra króna til slíkra mála árið 2008. Auk þess hefur almenningur oft látið umtalsvert fé af hendi rakna til opinberra fjársafnana frjálsra félagasamtaka á borð við Rauða krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar.

Sem sjálfstæðar, óháðar og ópólítískar stofnanir hafa ríkisendurskoðanir um heim allan í síauknum mæli tekið að sér það verkefni að hafa eftirlit með því hvað verður um fjármuni sem renna til alþjóðlegra hjálparstarfa og veita bæði gefendum og þiggjendum traustar og óháðar upplýsingar um það hvort þeir komist á leiðarenda og sé þar varið á skilvirkan og skynsamlegan hátt og í samræmi við upphafleg markmið. Á þann hátt leitast stofnanirnar við að stuðla að gagnsæi í meðhöndlun og notkun þessara fjármuna og koma til móts við vaxandi kröfur stjórnvalda og almennings um ábyrgð þeirra sem fara með almannafé.

Enn sem komið er standa ríkisendurskoðanirnar frammi fyrir fjölmörgum vandamálum við að sinna þessu starfi eins og best verður á kosið, enda liggja mikilvægar upplýsingar ekki alltaf á lausu. Ástæðan er a.m.k. þríþætt: Í fyrsta lagi sú landfræðilega fjarlægð sem oft er frá þeim aðilum sem veita fjármagni til hjálparstarfa til hinna sem taka við því og nota það. Í öðru lagi sú staðreynd að hluti fjárisins fer iðulega um hendur margra misvel skipulagðra aðila sem ekki færa allir nákvæmt bókhald eða hlíta endurskoðunarskyldu. Í þriðja lagi sú upplausn – og í sumum tilvikum spilling – sem oft ríkir á neyðarsvæðunum, að ógleymdum þeim mikla flýti sem eðli málsins samkvæmt einkennir jafnan neyðaraðstoð og veldur því að aðilar sjá stundum í gegnum fingur við formleg verkferli. Vegna þessa getur reynst

torvelt að rekja hvað verður um fjármuni og hvort þeir skila sér í raun og veru allir á áfangastað og til fyrirfram ætlaðra nota.

Úrtakskönnun norsku ríkisendurskoðunarinnar haustið 2007 á því hvað varð um framlög þarlendrar stjórnvalda til hjálpar- og uppbyggingarstarfa í Suðaustur-Asíu árin 2004 og 2005 leiddi t.d. í ljós að yfirvöld vita ekki með fullri vissu hvernig hluti fjárins var notaður. Ástæða þessa er bæði skortur á nákvæmri og samræmdri skýrslugjöf hjálparsamtaka og annarra sem veittu fénu viðtöku og ónógt eftirlit og eftirfylgni norskra stjórnvalda. Þá benti stofnunin einnig á hættuna á að hjálparstofnanir fái við slíkar hamfarir meira fé til ráðstöfunar en þær hafi þörf fyrir og getu til að nota og sömuleiðis að fé renni hugsanlega til annarra hluta en til var ætlast.

Hamfaraflóðið í Suðaustur-Asíu árið 2004 varð raunar hvati þess að Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana stofnuðu haustið 2005 sérstakan starfshóp um endurskoðun alþjóðlegra hjálparstarfa vegna hamfara (*Task Force on the Accountability for and audit of Disaster-related Aid*) til að meta hvernig staðið var að hjálparstarfinu í Asíu og endurskoðun þeirra aðgerða. Jafnframt var hópnum ætlað að draga lærdóm af þessu atviki og taka saman leiðbeiningar fyrir stjórnvöld, alþjóðastofnanir og ríkisendurskoðanir um það hvernig bæta megi skipulagningu og stjórnun slíkra aðgerða svo að tryggt sé að fé komist til skila og að bæði þiggjendur og gefendur fái áreiðanlegar upplýsingar um notkun þess. Stefnt er að því að slíkar leiðbeiningar verði lagðar fyrir XX. þing INTOSAI í Suður-Afríku árið 2010.

Ríkisendurskoðun hefur enn sem komið er ekki gert sérstaka úttekt á því hvernig framlög íslenskra stjórnvalda til alþjóðlegra þróunar- og hjálparstarfa hafa nýst. Hún hefur hins vegar endurskoðað einstök viðfangsefni og skoðað verkferla og ut anumhald þeim tengdum. Ljóst er líka að ríkið lágmarkar verulega fjárhagslega áhættu sína með því að greiða stærstan hluta framlaga sinna til alþjóðlegra stofnana sem eru endurskoðaðar, svo sem Þróunarsamvinnustofnunar Íslands eða stofnana Sameinuðu þjóðanna. Engu að síður er hér augljóslega um að ræða málaflokk sem taka þarf föstum tókum á sama hátt og t.d. verksamninga ríkisins eða styrki og framlög sem það veitir þriðja aðila til að kosta tiltekna þjónustu. Reynsla Ríkisendurskoðunar af endurskoðun slíkra verkefna ætti raunar að nýtast vel í þessu samhengi.



Væntanlegt stjórnsýsluhús í Úganda sem íslensk stjórnvöld fjármagna að hluta til.

UM SKATTAÚTGJÖLD

INGI K. MAGNÚSSON
skrifstofustjóri innra eftirlits

SJÖTTA ÞING EVRÓPUSAMTAKA RÍKISENDURSKOÐANA (EUROSAI), haldið í Bonn í júní 2005, fjallaði um endurskoðun á ríkistekjum. Reynsla margra ríkisendurskoðana er sú að sífellt færist í aukana sú tilhneiging að færa tiltekna ívilnanir, sem hingað til hafa verið skilgreindar sem útgjöld, sem skattaafslætti á tekjuhlið ríkissjóðs. Umfang þessa hefur vaxið mjög í sumum löndum. Samt sem áður eru til litlar upplýsingar um áhrif þessara skattaafsláttanna.

Vegna þessa var samþykkt á þinginu að stofna þrjá vinnuhópa til að fjalla um þetta fyrirkomulag og koma með tillögur til úrbóta. Hóparnir fjölluðu um eftirfarandi atriði:

1. Gagnsæi og upplýsingagjöf.
2. Tekjuskatt lögaðila.
3. Virðisaukaskatt.

Ríkisendurskoðun tók þátt í vinnuhópnum um gagnsæi og upplýsingagjöf. Niðurstöður hópanna liggja nú fyrir í drögum og er ætlunin að kynna þær á þingi EUROSAI í Kraká í júní 2008. Hér verður gerð grein fyrir helstu tillögum hópsins sem fjallaði um gagnsæi og upplýsingagjöf. Orðin skattastyrkur, skattaútgjöld og skattaafslættir eru notuð jöfnum höndum í þessari grein.

Skilgreining

OECD hefur skilgreint skattaútgjöld sem „tilfærsla opinberra fjármuna sem er aflað með því að draga úr skattskyldu miðað við staðalskatt frekar en með beinum útgjöldum“. Skattaútgjöld geta verið með ýmsum hætti:

- skattafrádráttur: tekjur undanskildar skattstofnum.
- styrkur: frádráttarliðir frá skattstofni til að nálgast skattskyldar tekjur.
- afsláttur: skattastyrkir eða skattaafsláttur sem kemur til lækkunar á skattkröfu.
- breytt skatthlutfall: skatthlutfall lækkað hjá ákveðnum hópi skattgreiðenda eða á ákveðin viðskipti.
- skattfrestun: undanþága sem byggir á frestun skattgreiðslna.

Í 10. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, er fjallað um skattaafslætti og kemur þar fram að draga skuli þá sem ekki eru útborganlegir frá tekjum. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjufirliti ríkisreiknings. Útborganlega skattaafslætti og bætur skal færa til gjalda. Sem dæmi um slíka afslætti má nefna barnabætur og vaxtabætur. Aðrir skattaafslættir eru almennt dregnir frá tekjum og ekki sýndir sérstaklega. Má þar nefna ýmsar undanþágur og greiðslufrestun við innflutning. Þá er einnig um að ræða skattaafslætti sem ekki eru útborganlegir og falla niður ef þeir eru ekki nýttir, sbr. persónuafslátt og sjómannaafslátt.

Niðurstaða vinnuhópsins

Athugun vinnuhópsins fólst í því að sendir voru spurningarlistar til þeirra landa sem þátt tóku í vinnuhópnum auk þess sem ríkisendurskoðanir þessara landa gerðu sjálfstæða úttekt á stöðu þessara mála hjá sér. Haldnir voru fimm fundir þar sem ræddar voru niðurstöður einstakra athugana og þær samræmdar niðurstöðum úr spurningarlistum.

Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að umtalsverðir veikleikar séu í löggjöf sem snýr að skattaafsláttum. Markmið séu of almennt orðuð þannig að ekki er hægt að meta hvort þeim hafi verið náð. Þá er mjög misjafnt hversu vel er gerð grein fyrir kostnaði og ávinningi þess að veita skattaafslætti og sjaldnast gert ráð fyrir ákveðnum gildistíma sem takmarkar möguleika á reglubundnu endurmati á áhrifum þeirra.

Tillögur

Helstu tillögur hópsins eru að í framtíðinni þurfi löggjafinn að kveða skýrt á um markmið skattaafsláttar og tryggja að þau séu vel skilgreind og mælanleg. Allar forsendur, athuganir og útreikningar sem lagðar eru fyrir löggjafarþingið þurfi að vera ítarlegar og skjalfestar. Þá er lagt til að gildistími verða í öllum tilvikum takmarkaður.

Þá telur hópurinn nauðsynlegt að mörkuð verði ákveðin stefna um skattaafslætti sem felí í sér kerfisbundið eftirlit með þeim og reglubundna kostnaðargreiningu. Nauðsynlegt sé að endurmeta reglulega áhrif og árangur af skattaafsláttum til að kanna hvort upphafleg skilyrði og markmið séu enn uppfyllt. Má í þessu sambandi nefna að svissnesk yfirvöld þurfa að gera sérstaka úttekt á skattastyrkjum eigi sjaldnar en á sex ára fresti þar sem kannað er m.a. hvort þeir uppfylli þau skilyrði sem sett voru í upphafi. Ef svo er ekki er þeim skylt að endurskoða þau og gera nauðsynlegar lagfæringar á gildandi fyrirkomulagi.

Þá er lagt til að upplýsingar um alla skattaafslætti séu teknar saman í eina skýrslu. Í henni komi fram heildstæðar upplýsingar um það tekjutap sem skattaafslættir leiða af sér. Vakin er athygli á því að skattaafslættir nýtast að jafnaði aðeins ákveðnum hópi skattgreiðenda en eru kostaðir af öllum skattgreiðendum. Þeir eiga því rétt á að gagnsæi þeirra sé eins mikið og kostur er. Reglubundnar, tímanlegar og heildstæðar upplýsingar eru nauðsynlegar til að markmið um aukið gagnsæi náist.

Ríkisendurskoðun mun birta niðurstöður allra vinnuhópanna í heild sinni á heimasíðu sinni eftir EUROSÁI þingið í Kraká í júní 2008.

KENNITÖLUR UM UMSVIF OG ÁRANGUR

REGLUBUNDNAR ÁRANGURSMÆLINGAR eru meðal lykilþátta nútímalegrar stjórnunar. Slíkar mælingar hafa margvíslega þýðingu. Í fyrsta lagi veita þær nánari upplýsingar um starfsemi fyrirtækja og stofnana en hefðbundnir ársreikningar gera. Í öðru lagi gefa þær ápreifanlegar vísbendingar um það hvernig fyrirtækjum gangi að ná settum markmiðum og þróa starfsemi sína. Í þriðja lagi veita þær bæði stjórnendum og starfsmönnum nauðsynlegt aðhald með því að beina athygli þeirra að tilteknum kjarnaþáttum sem taldir eru sérstaklega mikilvægir fyrir starfsemina. Ríkisendurskoðun hefur undanfarin fimm ár fylgst á skipulegan hátt með árangri sínum í starfi. Í því skyni hefur hún valið nokkra mælikvarða til að meta fjögur lykilsvið starfseminnar: 1) Þjónustu, 2) Innri verkferla, 3) Starfsmenn og þróun, 4) Fjármál.



Árið 2007 samdi Ríkisendurskoðun skýrslu um Vinnueftirlit ríkisins.

1. Þjónusta stofnunarinnar

Ríkisendurskoðun leitast við að veita álit og upplýsingar sem koma jafnt stjórnvöldum sem stofnunum og fyrirtækjum ríkisins að gagni við ákvarðanatöku.

Ríkisendurskoðun veitir árlega upplýsingar og álit um reikningskil stofnana og fyrirtækja ríkisins, innra eftirlit þeirra og árangur af starfseminni. Þá hefur hún eftirlit með fram-

kvæmd fjárlaga og veitir ýmiss konar ráðgjöf á sviði ríkisfjármála almennt. Niðurstöður sínar setur hún fram í skýrslum og greinargerðum og er hluti þeirra birtur opinberlega en öðrum komið á framfæri við stofnanir og ráðuneyti sem málið varðar.

Ekki hafa verið þróaðir tölulegir mælikvarðar til að meta þjónustu stofnunarinnar á öllum þessum sviðum. Störf hennar hafa þó augljóslega borið margvíslegan árangur. Um það vitnar m.a. sú staðreynd að bókhalds- og fjármál stofnana og fyrirtækja ríkisins hafa styrkst mjög á undanförunum árum og hefur athugasemdum Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun því fækkað verulega. Þá hefur þekking stjórnenda á málum sem varða innra eftirlit og öryggi upplýsingakerfa aukist mjög. Að lokum má geta þess að beiðnum um úttektir hefur fjölgað talsvert síðustu ár. Það bendir til þess að stofnunin njóti trausts í störfum sínum.

Til að meta þjónustu sína notar Ríkisendurskoðun einkum þrjá mælikvarða: 1) Viðbrögð stjórnvalda og stofnana ríkisins við ábendingum og athugasemdum hennar, 2) Viðhorfskönnun meðal viðskiptavina hennar á gæði skýrslna hennar, 3) Fjöldi opnaðra skýrslna á heimasíðu stofnunarinnar. Þessir mælikvarðar gefa annars vegar vísbendingu um raunverulegan árangur skýrslna stofnunarinnar og hins vegar um almennan áhuga á þeim.

Ríkisendurskoðun hefur síðustu tvö ár reynt að meta viðbrögð stjórnvalda og stofnana við ábendingum hennar og athugasemdum með sérstökum eftirfylgniúttektum þremur árum eftir að ábendingarnar voru settar fram. Enn sem komið er takmarkast slíkar úttektir við innra eftirlit og stjórnsýsluúttektir. Sérstaklega hefur verið kannað hvort ábendingar hafi leitt til raunverulegra úrbóta, hvort þær hafi verið sniðgengnar eða þeim vísað á bug með lögum rökum.

Árið 2007 vann stofnunin 5 eftirfylgniúttektir í tengslum við innra eftirlit og aðrar 5 vegna stjórnsýsluendurskoðunar og voru niðurstöðurnar birtar í sérstökum skýrslum sem sendar voru stofnunum og ráðuneytum sem í hlut áttu. Samandregið yfirlit um þær er birt í meðfylgjandi töflu. Gera verður þann fyrirvara við niðurstöðurnar að stundum geta verið áhöld um það hvort eða að hve miklu leyti tekið hefur verið tillit til ábendinga. Þá er ekki heldur alltaf útséð um það hvort ábendingum verði á endanum hrint í framkvæmd. Í sumum tilvikum eru mál enn í vinnslu í ráðuneytum og stofnunum.

Viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar

Deild	Ár	Skýrslur	Ábendingar	Framkvæmdar	Árangur
Stjórnsýslu- endurskoðun	2006	2	16	12	75,0%
	2007	5	38	23	60,5%
Innra eftirlit	2007	5	154	108	70,1%

Ríkisendurskoðun hefur ekki sett sér tölusett markmið um afdrif ábendinga sinna, enda hefur hún eðli málsins samkvæmt takmörkuð áhrif á viðbrögð stjórnvalda eða stofnana. Einnig er ljóst að slíkar árangursmælingar mega ekki verða til að einskorða ábendingar stofnunarinnar við þær sem telja má öruggt að leiði til breytinga. Það liggur þó ljóst fyrir að stofnunin setur ekki fram ábendingar nema hún telji þær eðlilegar og réttmætar. Það hlýtur því að vera markmið hennar að sem flestar séu teknar til greina og helst ekki undir

70%. Þegar á heildina er litið teljast niðurstöður þessara eftirfylgniúttekta (68,8%) því ásættanlegar.


Ríkisendurskoðun hefur um nokkurra ára skeið gert óreglulegar tilraunir til að kanna álit þeirra sem kalla má viðskiptavini hennar á gæðum og nytsemi opinberra skýrslna stofnunarinnar. Meðal slíkra viðskiptavina eru stjórnendur stofnana og ráðuneyta sem endurskoðun nær til. Í þetta sinn voru könnuð viðhorf til 4 stjórnsýsluúttekta frá 2007 og er útkoman birt í meðfylgjandi töflu. Ríkisendurskoðun telur hana ásættanlega en það dregur reyndar úr áreiðanleika hennar að svörun þátttakenda var fremur lítil, um 20%. Stefnt er að því að halda þessum tilraunum áfram og reyna að finna leiðir til að bæta svarhlutfall þátttakenda.

Viðhorfskönnun um gæði fjögurra stjórnsýsluúttekta frá 2007

Fullyrðingar um skýrslur	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Staðreyndalýsingar eru réttar	30%	50%	10%	10%	0%
Niðurstöður eru vel rökstuddar	40%	20%	30%	10%	0%
Ábendingar koma að gagni	10%	60%	20%	10%	0%

Auk slíkra viðhorfskannana og athugana á viðbrögðum stjórnvalda og stofnana við ábendingum Ríkisendurskoðunar hefur stofnunin um sex ára skeið mælt almennan áhuga á opinberum skýrslum sínum með því að kanna hversu oft þær eru opnaðar á heimasíðu hennar, www.rikisend.is. Ljóst er að mikil aukning hefur orðið í þessum efnum síðustu tvö árin og er heimasíðan nú án efa mikilvægasti miðill stofnunarinnar til að koma upplýsingum á framfæri. Árið 2007 voru þær 230 skýrslur sem þá voru í gagnagrunni stofnunarinnar opnaðar alls 45.042 sinnum, þ.e. að jafnaði 196 sinnum yfir árið. Til samanburðar má geta þess að árið 2006 voru þær 212 skýrslur sem þá voru í gagnagrunninum opnaðar alls 31.586 sinnum, þ.e. að jafnaði 149 sinnum. Aukningin milli ára er því 32–43% eftir því hvernig á er litið. Það hlýtur að teljast vel viðunandi.

Fjöldi opnaðra skýrslna á heimasíðu Ríkisendurskoðunar



Sú skýrsla sem langoftast var sótt á vef stofnunarinnar árið 2007 var *Fjármál Byrgisins ses. (2007)* sem opnuð var 4.383 sinnum. Frá því að Ríkisendurskoðun hóf vefmælingar sínar árið 2001 hefur engin skýrsla verið opnuð jafnoft á einu ári. Skýrslan *Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu (2007)* vakti sömuleiðis mikinn áhuga. Eins og meðfylgjandi tafla sýnir varð gríðarleg aukning milli ára þegar horft er til fimm mest sóttu skýrslanna. Taflan sýnir líka að nýjustu skýrslurnar vekja yfirleitt mestan áhuga. Árið 2007 komst þó ein skýrsla frá 2003 í 5. sæti, *Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003*. Þá skal þess getið að árleg skýrsla stofnunarinnar *Framkvæmd fjárlaga* hefur átt tryggan sess á þessum lista síðustu fjögur árin

Fimm mest lesnu skýrslur á heimasíðu Ríkisendurskoðunar

2006		2007	
1. Háskóli Íslands (2005)	774	Fjármál Byrgisins ses. (2007)	4.383
2. Þjónusta við aldraða (2005)	677	Kostn., skilv. og gæði háskólak. (2007)	1.484
3. Landspít. – hásk.sj. (2005)	562	Framkvæmd fjárlaga (2007)	910
4. Framkvæmd fjárlaga (2006)	500	Kaup og endurnýjun á Grímseyjarf. (2007)	670
5. Ársskýrsla Ríkisend. (2006)	470	Einkavæðing (2003)	660
Alls	2.983		8.101

Til að kanna líftíma skýrslna var skoðað hversu oft þær 11 skýrslur sem gefnar voru út árið 2005 voru sóttar á árunum 2005–2007. Annars vegar var horft til þriggja mest lesnu skýrslna þess árs, *Háskóli Íslands*, *Þjónusta við aldraða* og *Landspítali – háskólasjúkrahús*, og hins vegar til allra þeirra. Athyglisvert er að áhugi á þeim hefur haldist lítt breyttur milli ára og er raunar mestur árið 2006. Að jafnaði var hver skýrsla opnuð 1.066 sinnum á tímabilinu, þ.e. 355 sinnum á ári. Þetta gefur til kynna að skýrslurnar haldi gildi sínu og athygli í alllangan tíma. Í heildina er stofnunin því ánægð með almennan áhuga á skýrslum sínum.

Líftími opinberra skýrslna frá 2005 (fjöldi opnana)

	2005	2006	2007	Samtals
Háskóli Íslands (apríl 2005)	1.047	774	619	2.440
Þjónusta við aldraða (nóv. 2005)	370	677	561	1.608
Landspítali – háskólasjúkrahús (des. 2005)	168	562	371	1.101
Aðrar skýrslur frá 2005	2.450	2.077	2.049	6.576
Allar skýrslur frá 2005	4.035	4.090	3.600	11.725
Meðalopnun skýrslna frá 2005	367	372	327	1.066

Ríkisendurskoðun sendir jafnan frá sér fréttatilkynningu þegar ný skýrsla er birt og greinir þar frá meginniðurstöðum sínum og ábendingum í stuttu og einföldu máli. Samkvæmt mælingum eru þessar tilkynningar eitthvert allra vinsælasta lesefni á heimasíðu stofnunarinnar. Árið 2007 voru 20 fréttatilkynningar lagðar á heimasíðuna og var hver þeirra að jafnaði opnuð 614 sinnum, þar af tvær oftast en 1.000 sinnum. Fjölmíðlar hafa einnig notað þær í ríkum mæli í frétttaflutningi sínum og því er ljóst að þær ná til mjög margra. Hægt er að vera áskrifandi að þeim og nýttu sér um 170 manns þá þjónustu í árslok 2007 miðað við 130 í árslok 2006.

Ljóst er að Netið mun á komandi árum gegna æ mikilvægara hlutverki í viðleitni stofnana og fyrirtækja að miðla upplýsingum og þjónustu. Ríkisendurskoðun hefur því stöðugt leitast við að bæta heimasíðu sína og hefur það skilað sér í sífellt aukinni umferð um hana undanfarin ár og misseri. Árið 2007 voru alls skráð 41.106 innlit (heimsóknir) 20.793 gesta (tölva) á vef stofnunarinnar miðað við 27.159 innlit 13.591 gests árið 2006. Aukningin nemur því 51-53% eftir því hvernig á er litið.

Í desember 2007 var birt úttektin *Hvað er spunníð í opinbera vefi – 2007?* sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta er í annað sinn sem slík könnun er gerð en fyrri könnunin var gerð árið 2005. Í þetta sinn var horft til 262 vefja 194 ríkisstofnana og 68 sveitarfélaga og þeir metnir með tilliti til innihalds, nytsemi, aðgengis og rafrænnar þjónustu. Vefur Ríkisendurskoðunar kom allvel út þegar á heildina er litið, fékk að meðaltali 70 stig sem er vel yfir meðaltali allra vefja en um meðaltal ráðuneyta.

Mat á heimasíðu Ríkisendurskoðunar

	Innihald	Nytsemi	Aðgengi	Þjónusta	Meðaltal
Ríkisendurskoðun	69	83	78	50	70
Meðaltal allra	61	59	41	61	56
Meðaltal ráðun.	74	78	69	61	71

Þessi könnun sýnir að þær endurbætur sem gerðar hafa verið á vef Ríkisendurskoðunar síðustu tvö ár hafa borið árangur, einkum fjölmargar breytingar sem eiga að auðvelda aðgengi um hann. Niðurstöðurnar eru um leið hvatning til að gera enn betur á komandi árum og hefur verið skipaður vinnuhópur innan stofnunarinnar með það að markmiði.



Ríkisendurskoðun endurskoðar embætti, sjóði og stofnanir þjóðkirkjunnar.

2. Innri verkferlar

Ríkisendurskoðun stefnir að skilvirkni og gæðum í störfum.

Til að meta skilvirkni horfir Ríkisendurskoðun til þriggja þátta: 1) Afkasta við endurskoðun, 2) Uppsafnaðs hlutfalls áritaðra reikningsskila innan ársins, 3) Skilvirkni við endurskoðun ríkisreiknings. Ekki hafa verið þróaðir aðrir mælikvarðar til að meta gæði en þeir sem nefndir voru í tengslum við þjónustu stofnunarinnar.

Þegar litið er á afrakstur stofnunarinnar, þ.e. fjölda reikningsskila og skýrsla sem hún sendir frá sér, sést að undanfarin ár hefur tekist að gefa út endurskoðaða ársreikninga fyrir velflestar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings, auk stofnana í B-, C-, D- og E-hluta hans. Árið 2007 áritaði stofnunin 328 ársreikninga og samdi 230 endurskoðunarskýrslur. Þetta er um 4,6% samdráttur frá síðustu tveimur árum sem stafar raunar að hluta til af fækkun ríkisstofnana við sameiningu. Þegar aðkeypt þjónusta er talin með urðu ársreikningar 389 og endurskoðunarbréf 279, miðað við 410 ársreikninga og 292 endurskoðunarbréf árið 2006.

Afköst við fjárhagsendurskoðun			
	2005	2006	2007
Áritaðir ársreikningar	346	344	328
Endurskoðunarskýrslur	240	241	230
Samtals	586	585	558

Skýrslur og greinargerðir Ríkisendurskoðunar á sviði stjórnáskýrsluendurskoðunar, innra eftirlits og endurskoðunar upplýsingakerfa urðu einni fleiri árið 2007 en 2006, þ.e. 24. Alls sendi Ríkisendurskoðun frá sér 14 opinberar skýrslur árið 2007, þ.e. einni fleiri en árið 2006.

Skýrslur og greinargerðir			
	2005	2006	2007
Stjórnáskýrsluúttektir	8	4	5
Greinargerðir o.fl.	11	18	19
Rit	0	1	0
Samtals	19	23	24

Þegar á heildina er litið urðu afköst stofnunarinnar við endurskoðun svipuð og undanfarin ár. Það telst ásættanlegt, sérstaklega þegar tekið er mið af því að unnum ársverkum fækkaði um tvö frá árinu 2006.

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun lagt sérstaka áherslu á að ljúka áritun reikningsskila eins snemma á árinu og unnt er svo að þau komi stjórnendum stofnana og fyrirtækja ríkisins og öðrum sem taka ákvarðanir um rekstur þeirra að sem mestum notum. Eins og meðfylgjandi tafla sýnir hefur þessi viðleitni borið umtalsverðan árangur. Árið 2007 náði stofnunin að árita 58,6% allra reikningsskila ársins fyrir mitt ár og 93,4% þeirra á fyrstu þremur ársfjórðungum þess. Þetta er mikil framför frá því sem verið hefur.



Árið 2007 gerði Ríkisendurskoðun úttekt á kostnaði, skilvirkni og gæði háskólakennslu.

Uppsafnað hlutfall áritaðra reikningsskila innan ársins

Ár	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.
2005	4,4%	38,5%	57,7%	100%
2006	8,0%	43,8%	78,0%	100%
2007	9,4%	58,6%	93,4%	100%

Auk þess að skoða dagsetningar áritaðra reikningsskila hefur Ríkisendurskoðun mælt skilvirkni stofnunarinnar með því að athuga hversu langan tíma tekur að vinna tiltekin verk. Samanburður síðustu þriggja ára á tímanum sem tekur að vinna skýrsluna *Endurskoðun ríkisreiknings* frá útgáfu *Ríkisreiknings* er mjög hagstæður fyrir árið 2007, þ.e. 53 dagar miðað við 73 árið 2006. Það er einnig jákvætt að skýrslan kom út rúmum mánuði fyrr en árið 2006, þ.e. 3. október, og er það í samræmi við stefnu stofnunarinnar að þessi vinna nýtist Alþingi sem best við fjárlagagerð komandi árs.

Skilvirkni við endurskoðun ríkisreiknings

Ár	Ríkisreikningur	Endurskoðun ríkisreiknings	Dagafjöldi
2005	Útg. 26.09	Útg. 22.11	57
2006	Útg. 24.08	Útg. 06.11	73
2007	Útg. 10.08	Útg. 03.10	53

3. Starfsmenn og þróun

Ríkisendurskoðun leitast við að ráða þjálfað og hæft starfsfólk sem vill bæta og þróa vinnubrögð sín. Auk þess vill stofnunin stuðla að hvetjandi starfsanda á vinnustað.

Til að mæla mannauð sinn hefur Ríkisendurskoðun valið að líta til eftirtalinna fjögurra atriða: 1) Fjölda vinnustunda við endurskoðun, 2) Menntunarmála, þ.e. hlutfalls starfsfólks með háskólapróf og fjölda endurmenntunardaga þess, 3) Starfsreynslu og starfsmanna-veltu, 4) Veikindafjarvista.

Starfsfólk Ríkisendurskoðunar skilaði 4.500 færri virkum vinnustundum við endurskoðun árið 2007 en árið 2006. Aðkeypt þjónusta var einnig örlítið minni en undanfarin ár. Í heild fækkaði unnum vinnustundum því um 6 prósentustig eða tvö stöðugildi. Ástæða þessa liggur einkum í óvenju mikilli starfsmanna-veltu. Stefnt er að því að snúa þessari þróun við á árinu 2008 með fjölgun starfsfólks, enda hefur verkefnum fjölgað undanfarin ár og álag þar með aukist.

Fjöldi vinnustunda við endurskoðun

	2005	2006	2007
Ríkisendurskoðun	73.992	72.600	68.100
Aðkeypt þjónusta	3.722	3.650	3.485
Samtals	77.714 (100%)	76.250 (98,1%)	71.585 (92,1%)

Þegar á heildina er litið eru menntunarmál Ríkisendurskoðunar í góðu horfi. Hlutfall starfsfólks með háskólamenntun sem tengist starfssviði þess hefur verið yfir 80% undanfarin sex ár og hafa nú allir sem sinna endurskoðunarstörfum slíka menntun. Eins og fram kemur á öðrum stað í þessari skýrslu er menntun starfsfólks margvísleg. Sem vænta má er viðskiptafræðimenntað fólk þó í miklum meirihluta. Stjórn mála- og stjórnsýslufræðingum hefur hins vegar fjölgað mest á síðustu árum í takt við breyttar áherslur í verkefnavali stofnunarinnar. Þá hefur starfsfólki með meistaraþráðu fjölgað talsvert undanfarin ár. Árið 2007 luku t.d. þrír starfsmenn M.Acc.-prófi í reikningshaldi og endurskoðun.

Í samræmi við ákvæði endurskoðunarstaðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana leggur Ríkisendurskoðun áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar varðveiti og efli fræðilega og hagnýta kunnáttu sína með símenntun og starfsþjálfun. Gert er ráð fyrir að það verji að meðaltali 40 klukkustundum árlega til slíkra mála. Á undanförunum árum hefur þessi tímafjöldi farið vel yfir þau mörk og var um 70 klst. á hvern starfsmann árið 2007. Það ár varði stofnunin alls 13,1 m.kr. til starfsþróunar og endurmenntunar, þ.e. um 3% af heildar-útgjöldum stofnunarinnar að undanskildum sértekjum.

Menntunarmál

	2005	2006	2007
Starfsfólk með háskólapróf	81,6%	80,9%	82,6%
Fjöldi endurmenntunardaga	70 klst.	45 klst.	70 klst.
Útgjöld til menntunarmála	14,2 m.kr. (4,1%)	9,2 m.kr. (2,5%)	13,1 m.kr. (3%)

Auk menntunar ræður starfsreynsla miklu um afköst og gæði á vinnustað. Hlutfall fast-ráðins starfsfólks Ríkisendurskoðunar með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni hækkaði jafnt og þétt frá 2002 til 2005, þ.e. úr 62,7% í 83,7%. Á sama tíma hækkaði meðalstarfsaldur þess úr rúmum 9 árum og komst hæst í 11,5 ár 2006. Á þessu varð verulegur umsnúningur árið 2007 þegar hlutfall þeirra sem hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu fór í 66% og meðalstarfsaldur í 10,4 ár. Ástæðan er óvenju mikil starfsmannavelta undanfarin 3–4 ár og fór hún hæst í 17% árið 2007.

Starfsreynsla og starfsmannavelta			
	2005	2006	2007
Með 3 ára starfsreynslu hjá RE	83,7%	80,9%	66%
Meðalstarfsaldur hjá RE	10,8 ár	11,5 ár	10,4 ár
Starfsmannavelta	10,2%	14,9%	17%

Full ástæða er til að hafa áhyggjur starfsmannaveltunni og leitast við að snúa vörn í sókn, ekki síst vegna þess að verulegur hluti þeirra sem hætt hafa störfum er ungt fólk. Um leið er ljóst að starfsmannaveltan er í takt við almenna þróun á íslenskum vinnumarkaði. Árið 2005 mun starfsmannavelta íslenskra fyrirtækja almennt hafa verið 14,2% (þar af 10% hjá hinu opinbera) og árið 2004 var hún 10,4%. Ekki liggja fyrir heildartölur frá síðustu tveimur árum.

Samkvæmt nýlegum könnunum hefur dregið heldur úr veikindafjarvistum starfsfólks íslenskra fyrirtækja og stofnana allra síðustu ár eftir að hafa náð vissu hámarki árin 2001 og 2002. Slíkar fjarvistir eru oft teknar sem vísbendingar um vinnuumhverfi starfsfólks, vinnuálag þess og líðan á vinnustað, þótt ýmsir fleiri þættir hafi þar áhrif, svo sem lífsstíll þess, aldur og félagsleg staða. Þá hefur líka verið bent á vissa en þó ekki einhlíta fylgni milli starfsánægju og veikindafjarvista.

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Ríkisendurskoðunar að jafnaði verið frá vinnu vegna eigin veikinda og veikinda barna sinna í um 6 daga á ári. Árið 2007 urðu veikindadagar að meðaltali 5,4 og fækkaði um rúman dag frá 2006. Sem hlutfall allra vinnudaga ársins fækkaði veikindafjarvistum einnig úr 2,9% árið 2006 í 2,3%.

Fjöldi veikindadaga á starfsmann			
	2005	2006	2007
Eigin veikindi	4,4	5,5	4,4
Veikindi barna	1,1	1,0	0,9
Samtals	5,5	6,5	5,4
Hlutfall vinnudaga	2,4%	2,9%	2,3%

Veikindadagar starfsmanna teljast óvenju fáir þegar horft er almennt til íslenskra fyrirtækja. Samkvæmt nýlegri athugun voru starfsmenn þeirra að meðaltali frá vinnu vegna veikinda og slysa í 8,4 daga árið 2006. Það svarar til 3,8% allra vinnudaga. Sambærilegar tölur fyrir árið 2005 eru 8,5 dagar og 3,8% sem hlutfall allra vinnudaga. Ekki liggja fyrir tölur fyrir árið 2007. Almennt mun vera meira um veikindafjarvistir meðal opinberra starfsmanna en hinna sem starfa í einkageiranum.

4. Fjármál

Ríkisendurskoðun stefnir að því að rekstur stofnunarinnar sé innan fjárheimilda og að störf séu unnin á hagkvæman hátt.

Á árinu 2007 skilaði Ríkisendurskoðun rúmlega 6 m.kr. rekstrarafgangi miðað við tæplega 20 m.kr. rekstrarafgang árið 2006. Fjárhagslega stendur stofnunin traustum fótum.

Ónýttar fjárheimildir í m.kr.

Ár	Staða í ársbyrjun	Afgangur	Staða í árslok
2005	1,1	18,1	19,2
2006	19,2	19,6	38,8
2007	38,8	6,3	45,0

Til að meta hagkvæmni í rekstri hefur Ríkisendurskoðun tekið saman þann kostnað sem hlýst annars vegar af þjónustu starfsmanna stofnunarinnar og hins vegar af aðkeyptri þjónustu. Samantektin nær yfir þrjú ár og tekur eingöngu til fjárhagsendurskoðunar þar sem aðkeypt þjónusta stofnunarinnar er að stærstum hluta á því sviði. Niðurstöðurnar benda til þess að kostnaður við starfsemina sé vel innan eðlilegra hagkvæmnismarka.

Meðalkostnaður í kr. á klst. við fjárhagsendurskoðun án vsk.

Ár	Aðkeypt þjónusta	Ríkisendurskoðun	Munur
2005	7.789	5.646	2.143
2006	8.558	6.001	2.557
2007	9.253	6.887	2.366



Frá fæðingardeild Landspítala-háskólasjúkrahúss.

STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2007

Ríkisendurskoðandi

Sigurður Þórðarson löggiltur
endurskoðandi

Skrifstofa ríkisendurskoðanda

Brynja Baldursdóttir deildarfulltrúi
Jón L. Björnsson skrifstofustjóri,
viðskiptafræðingur
Kristinn H. Jónsson BS í viðskiptafræði, MBA
Pétur Vilhjálmsson MPA,
stjórnsýslufræðingur
Pórir Óskarsson íslenskufraeðingur

Endurskoðunarsvið

Sveinn Arason skrifstofustjóri, löggiltur
endurskoðandi
Auður Guðjónsdóttir viðskiptafræðingur
Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir
viðskiptafræðingur
Árni Sigurðsson viðskiptafræðingur, M.Acc.
Brynja Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi
Einar Þorgilsson viðskiptafræðingur
Elísabet M. Hafsteinsdóttir BA í
viðskiptafræði
Geir Gunnlaugsson viðskiptafræðingur
Grétar Bjarni Guðjónsson BBA, MBA
Helgi Guðmundsson hagfræðingur
Kristín P. Jónsdóttir viðskiptafræðingur,
M.Acc.
Ólafur E. Sigurðsson viðskiptafræðingur,
M.Acc.
Óskar Sverrisson löggiltur endurskoðandi
Sigurgeir Bóasson löggiltur endurskoðandi
Sveinbjörn Óskarsson viðskiptafræðingur
Telma Herbertsdóttir viðskiptafræðingur
Viðar H. Jónsson viðskiptafræðingur
Þorbjörg Guðnadóttir viðskiptafræðingur

Stjórnsýslusvið

Óli Jón Jónsson skrifstofustjóri, MEP,
stjórn málafræðingur
Erla H. Hjálmarsdóttir MPA,
stjórnsýslufræðingur
Ingunn Ólafsdóttir EMPA,
stjórnsýslufræðingur
Sandra Franks stjórn málafræðingur, ML
Margrét E. Arnórsdóttir viðskiptafræðingur
Snorri Gunnarsson hagfræðingur

Innra eftirlit og innri endurskoðun

Ingi K. Magnússon skrifstofustjóri,
viðskiptafræðingur, CIA, CGAP
Guðbrandur R. Leósson viðskiptafræðingur
Guðmundur Björnsson lögfræðingur
Hilmar Þórisson viðskiptafræðingur
Hrafnhildur Óskarsdóttir
viðskiptafræðingur

Laga- og umhverfissvið

Lárus Ögmundsson skrifstofustjóri,
lögfræðingur
Ketill Sigurjónsson lögfræðingur
Linda Sigurðardóttir fulltrúi

Endurskoðun upplýsingakerfa

Albert Ólafsson skrifstofustjóri,
viðskiptafræðingur, CISA, CIA
Hólmfríður S. Jónsdóttir tölvunarfræðingur
Sveinbjörn Sigurðsson kerfisfræðingur

Skrifstofu- og þjónustusvið

Eyþór Borgþórsson starfsmannastjóri
Ásdís Hauksdóttir fulltrúi
Elín Ingadóttir skjalavörður
Hólmfríður Kristinsdóttir matráðskona
María Bjargmundsdóttir ritari
Sigurður Þorvaldsson sendill, matráðsmaður

OPINBERAR SKÝRSLUR ÁRIÐ 2007

Skýrslur

1. Greinargerð um fjármál Byrgisins ses. (janúar)
2. Skuldbindandi samningar ráðuneyta og styrkveitingar ríkissjóðs á árinu 2006 (mars)
3. Vinnueftirlit ríkisins (mars)
4. Reglur um reikningshald stjórn mála-samtaka (mars)
5. Kostnaður, skilvirkni og gæði háskóla-kennslu: Viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði (maí)
6. Greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju (ágúst)
7. Framkvæmd fjárlaga árið 2006 (ágúst)
8. Þjónustusamningur um Heilbrigðis-stofnun Suðausturlands (september)
9. Endurskoðun ríkisreiknings 2006 (október)
10. St. Jósefsspítali – Sólvangur (nóvember)
11. Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna (nóvember)
12. Greinargerð um samning íslenska ríkisins og Landsvirkjunar um yfirtöku vatnsréttinda í neðri hluta Þjórsár (desember)

Önnur rit

1. Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2006 (mars)
2. Annual Report 2005 (mars)



ÁRSREIKNINGUR 2007

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim aðilum sem henni ber lögum samkvæmt að endurskoða.

Á árinu 2007 varð 6,3 m.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 59,2 m.kr., skuldir 14,1 m.kr. og eigið fé nam 45,0 m.kr. í árslok 2007.

Ríkisendurskoðandi og skrifstofustjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2008.


Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.


Sveinn Arason,
skrifstofustjóri.

Áritun endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber mér að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Álit

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2007, efnahag hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Reykjavík, 28. febrúar 2008.



Gunnar Sigurðsson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Tekjur			
Seld þjónusta		31.614.250	27.816.649
Eignasala		0	1.002.500
Aðrar tekjur		416.153	10.125
	1	32.030.403	28.829.274
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	320.072.215	300.805.547
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	14.912.317	9.175.051
Funda- og ferðakostnaður	4	16.467.103	13.384.622
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5	40.024.207	40.514.137
Rekstur tækja og áhalda	6	2.913.785	2.066.837
Annar rekstrarkostnaður	7	4.793.012	3.094.697
Húsnæðiskostnaður	8	25.941.274	22.992.400
Bifreiðarekstur	9	531.269	396.046
Tilfærslur	10	583.600	1.698.500
		426.238.782	394.127.837
Eignakaup	11	16.323.741	8.205.489
		442.562.523	402.333.326
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(410.532.120)	(373.504.052)
Ríkisframlag		416.800.000	393.100.000
Tekjuafgangur ársins		6.267.880	19.595.948

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	12	56.606.358	37.820.716
Viðskiptakröfur		2.346.320	8.662.200
Handbært fé		222.246	311.021
		<u>59.174.924</u>	<u>46.793.937</u>
Eignir alls		<u>59.174.924</u>	<u>46.793.937</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		38.779.186	19.183.238
Tekjuafgangur ársins		6.267.880	19.595.948
Höfuðstóll	13	<u>45.047.066</u>	<u>38.779.186</u>
Eigið fé		<u>45.047.066</u>	<u>38.779.186</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		14.127.858	8.014.751
Aðrar skammtímaskuldir		0	0
Skuldir		<u>14.127.858</u>	<u>8.014.751</u>
Eigið fé og skuldir		<u>59.174.924</u>	<u>46.793.937</u>

Sjóðstreymi árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....		6.267.880	19.595.948
Veltufé frá rekstri		<u>6.267.880</u>	<u>19.595.948</u>
 <i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....		6.315.880	(2.424.455)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		6.113.107	2.514.909
		<u>12.428.987</u>	<u>90.454</u>
Handbært fé frá rekstri		18.696.867	19.686.402
 Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....		(416.800.000)	(393.100.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		398.014.358	373.507.140
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(18.785.642)</u>	<u>(19.592.860)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		(88.775)	93.542
 Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>311.021</u>	<u>217.479</u>
 Handbært fé í lok ársins		<u><u>222.246</u></u>	<u><u>311.021</u></u>

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögnum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni.

Starfsþáttgreining

Í skýringum er rekstri stofnunarinnar skipt eftir verkefnum sem falla að skipulagi hennar.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Fjárskýsla ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2007 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 413,5 m.kr. Millifærðar voru 3,3 m.kr. fjárheimildir vegna verðlagsuppfærslu launa. Heildarfjárheimild ársins varð því 416,8 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 410,5 m.kr. og urðu því 6,3 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(20.700)	(20.700)	(32.030)	11.330
Laun og launatengd gjöld	334.400	337.700	320.072	17.628
Önnur rekstrargjöld	95.500	95.500	105.583	(10.083)
Tilfærslur	0	0	584	(584)
	<u>409.200</u>	<u>412.500</u>	<u>394.208</u>	<u>18.292</u>
Stofnkostnaður	4.300	4.300	16.324	(12.024)
	<u>413.500</u>	<u>416.800</u>	<u>410.532</u>	<u>6.268</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

	2007	2006
Sértekjur	(32.030)	(28.829)
101 Ríkisendurskoðun	426.239	394.128
601 Stofnkostnaður	16.324	8.205
	<u>410.532</u>	<u>373.504</u>

Starfspáttagreining

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir sviðum:

Yfirstjórn	32.843	26.279
Endurskoðunarsvið	205.266	192.653
Stjórnsýslusvið	147.791	128.062
Lögfræði- og umhverfissvið	24.632	26.510
	<u>410.532</u>	<u>373.504</u>

Skýringar

Sundurliðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Nokkur hækkun varð á seldri þjónustu og má rekja hana til aukinnar vinnu við endurskoðun hlutafélaga í eigu ríkisins sem stofnunin annast.

	2007	2006
Seld sérfræðiþjónusta	31.614.250	27.816.649
Seld bifreið	0	1.002.500
Endurgreiddur ferðakostnaður og aðrar tekjur	416.153	10.125
	<u>32.030.403</u>	<u>28.829.274</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Laun- og launatengd gjöld námu 320,1 m.kr. og hækkuðu milli ára um 19,3 m.kr. eða 6,4%. Í árslok 2007 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 47 eða óbreytt frá fyrra ári. Ársverk fastráðinna starfsmanna á árinu 2007 að meðtalinni yfirvinnu voru um 47 samanborið við tæp 49 árið á undan. Í maí 2006 tók gildi nýr stofnanasamningur með nýrri launatöflu. Á árinu 2007 voru breytingar í samræmi við umsamdar launahækkanir en að auki komu til sérstakar launauppbætur. Áfallið orlof er ekki reiknað eða fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	221.947.914	208.183.903
Yfirvinna	4.306.054	2.014.800
Aukagreiðslur	38.971.589	38.161.462
Önnur laun og starfstengdar greiðslur	1.635.000	1.435.000
Launatengd gjöld	53.211.658	51.010.382
	<u>320.072.215</u>	<u>300.805.547</u>

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Í heild nam kostnaðurinn 14,9 m.kr. og hækkaði frá fyrra ári um 5,7 m.kr. eða 62,5%. Hækkun á auglýsingakostnaði er vegna auglýsinga á lausum störfum hjá stofnuninni. Hækkun á símagjöldum má rekja til aukningar á tengigjöldum og nýrrar símsstöðvar sem tekin var í notkun á árinu. Hækkun á afnotagjöldum er vegna kaupa notendaleyfa á TeamMate endurskoðunarkerfi.

Tímarit, blöð og bækur	1.063.770	1.019.452
Auglýsingar og kynningar	1.592.741	672.116
Símagjöld	2.618.996	1.747.815
Burðargjöld	338.072	200.243
Útgáfustarfsemi	2.711.307	2.464.248
Afnotagjöld	4.753.061	1.309.427
Skrifstofuvörur	1.404.394	1.218.531
Gjafir	429.976	543.219
	<u>14.912.317</u>	<u>9.175.051</u>

Skýringar

4. Funda- og ferðakostnaður

Á árinu 2007 nam kostnaðurinn 16,5 m.kr. og varð um 3,1 m.kr. hækkun á þessum kostnaðarlið. Ástæður þessa má að mestu rekja til 1,9 m.kr. hærri kostnaðar vegna ferða til útlanda og 0,4 m.kr. aukningar kostnaðar við ferðir innanlands. Þá hækkaði námskeiðskostnaður um 0,7 m.kr.

	2007	2006
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	1.261.419	852.019
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	7.039.364	5.142.879
Funda- og ráðstefnugjöld	342.535	309.363
Námskeiðsgjöld	1.556.575	865.325
Félagsgjöld	558.682	593.553
Risna	3.088.488	3.137.042
Akstur	2.620.040	2.484.441
	<u>16.467.103</u>	<u>13.384.622</u>

5. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Í heild nam kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu 40,0 m.kr. og dróst hann saman um 0,5 m.kr. eða 1,2%. Aukningu á annarri sérfræðipjónustu um 2,4 m.kr. má rekja til kaupa á þjónustu ráðningarpjónustu. Á árinu 2007 voru gerðir nýir samningar við endurskoðunarstofur um endurskoðun stofnana, fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins. Í lok ársins eru í gildi samningar við 11 endurskoðunarstofur um endurskoðun hjá 39 A-hluta ríkisstofnunum. Kostnaður við kaup á endurskoðunarþjónustu á árinu 2007 varð um 32,4 m.kr. og lækkaði um 1,1 m.kr. Samdrátt kostnaðar um 1,4 m.kr. má rekja til túlkakostnaðar á árinu 2006 vegna fundar stjórnarnefndar EUROSAI það ár.

Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	927.218	1.326.252
Önnur sérfræðipjónusta	3.842.092	1.412.550
Sérfræðipjónusta	35.254.897	37.775.335
	<u>40.024.207</u>	<u>40.514.137</u>

6. Rekstur tækja og áhald

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði. Hækkun milli ára nam 0,8 m.kr. eða 41,0%. Hækkun á rætur sínar að rekja til kaupa á smærri tækjum og áhöldum en lækkun leigugjalda tækja skýrist af tækjaleigu vegna fundar stjórnarnefndar EUROSAI á árinu 2006.

Smátæki og áhöld	1.917.736	722.227
Viðgerðir og viðhald	683.231	704.170
Varahlutir og viðhaldsvörur	246.612	131.960
Leigugjöld tækja og áhald	41.990	508.480
Uppsetning á netbúnaði	24.216	0
	<u>2.913.785</u>	<u>2.066.837</u>

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður tekur yfir ýmsan rekstrarkostnað og nam 4,8 m.kr. Aukning milli ára nam 1,7 m.kr. eða 54,9% og má að mestu rekja til aukningar ýmissa rekstrarvara vegna endurnýjunar á gardínum og hækkunar á opinberum gjöldum, tryggingum og vaxtagjöldum.

	2007	2006
Máltíðir	1.824.722	2.029.238
Rekstrarvörur	1.608.925	330.881
Ýmis þjónustugjöld	427.412	168.265
Opinber gjöld og tryggingar og vextir	931.953	566.313
	<u>4.793.012</u>	<u>3.094.697</u>

8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Skúlagötu 57 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Í heild nam kostnaðurinn 22,9 m.kr. og jókst um 2,9 m.kr. eða 12,8%. Aukningin skýrist af hækkun leigugjalda og kostnaði við þrif og sorphirðu.

Leigugjöld	19.831.488	17.702.116
Orka	1.237.327	1.218.417
Viðhald fasteigna	89.634	10.283
Búnaður til innréttinga	169.584	105.840
Þrif og sorphirða	4.192.270	3.649.151
Annar húsnæðiskostnaður	420.971	306.593
	<u>25.941.274</u>	<u>22.992.400</u>

9. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Land Cruiser árgerð 2006. Aukning á viðhaldi er vegna kostnaðar sem stofnunin þufti að taka á sig vegna viðgerðar á fyrri bifreið stofnunarinnar.

Bensín og olía	187.321	203.007
Opinber gjöld og tryggingar	92.850	87.504
Viðgerðir og viðhald	240.598	105.535
Rekstrarvörur og þjónusta	10.500	0
	<u>531.269</u>	<u>396.046</u>

10. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags stofnunarinnar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

Skýringar

11. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2007 voru að stærstum hluta greiðsla til Fasteigna ríkisins vegna innréttingar húsnæðis á 2. hæð og kaupa á skrifstofuhúsgögnum í viðbótarhúsnæðið. Að öðru leyti var um eðlilega endurnýjun á tölum og tölvubúnaði.

	2007	2006
Tölvubúnaður	1.771.648	2.252.751
Húsgögn	3.653.371	549.191
Bifreið	0	5.203.547
Önnur tæki, skrifstofubúnaður og listaverk	898.722	200.000
Innrétting á húsnæði á 2. hæð	10.000.000	0
	<u>16.323.741</u>	<u>8.205.489</u>

Annað

12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2007 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 56,6 m.kr. og hafði batnað um 18,8 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2007	37.820.716
Ríkisframlag	416.800.000
Greiðslur	(414.836.084)
Millifærslur	16.821.726
Staða 31. desember 2007	<u>56.606.358</u>

13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2007 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 45,0 m.kr. og hafði staðan batnað um 6,3 m.kr. frá árinu á undan.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2007	38.779.186
Ríkisframlag	416.800.000
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(410.532.120)
Höfuðstóll 31. desember 2007	<u>45.047.066</u>

Skýringar

Kennitölur

Verkefnavísar

	2007	2006	2005	2004	2003
Áritaðir ársreikningar	328	344	346	357	370
Endurskoðunarbréf	230	241	238	259	274
Stjórnsýsluúttektir	5	4	8	10	9
Aðrar skýrslur	19	18	11	15	16
Rit	0	1	0	0	2

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2007	2006	2005	2004	2003
Rekstur					
Rekstrartekjur	32.030	28.829	33.699	36.666	39.638
Rekstrargjöld	(426.238)	(394.128)	(373.030)	(339.016)	(343.897)
Stofnkostnaður	(16.324)	(8.205)	(2.612)	0	(23.095)
Tekjuafgangur	(410.532)	(373.504)	(341.943)	(302.350)	(327.354)
Ríkisframlag	416.800	393.100	360.000	318.800	284.400
Tekjuafgangur ársins	<u>6.268</u>	<u>19.596</u>	<u>18.057</u>	<u>16.450</u>	<u>(42.954)</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	59.175	46.755	24.683	3.474	12.883
Eignir alls	<u>59.175</u>	<u>46.755</u>	<u>24.683</u>	<u>3.474</u>	<u>12.883</u>
Höfuðstóll	45.047	38.779	19.183	1.126	(15.324)
Skammtímaskuldir	14.128	7.976	5.500	0	28.207
Eigið fé og skuldir alls	<u>59.175</u>	<u>46.755</u>	<u>24.683</u>	<u>1.126</u>	<u>12.883</u>



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, Pósthólf 5350, 125 Reykjavík
Sími: 569 7100, Bréfasími: 562 4546
Netfang: postur@rikisend.is
Heimasíða: www.rikisendurskodun.is